

2012-2014

# Skýrsla Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum



**VITUNDARVAKNING**  
um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt  
ofbeldi gegn börnum

Innanríkisráðuneyti, mennta- og  
menningarmálaráðuneyti og  
velferðarráðuneyti  
2012-2014



# **Skýrsla Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum**

Starfsemi á vegum Vitundarvakningar 2012-2014 í forvörnum fyrir börn gegn  
kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi

**Innanríkisráðuneyti  
Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Velferðarráðuneyti  
2014**

© Vitundarvakning um kynferðislegt,  
andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum

Desember 2014  
ISBN 978-9935-436-49-8

Prentun : Leturprent ehf.

## ÚTDRÁTTUR

Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum er þriggja ára samstarfsverkefni innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis sem á rætur að rekja til *Evrópusamnings um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna, svonefnds Lanzarotesamnings.*

Við upphaf Vitundarvakningar var ljóst að víða var pottur brotinn í aðgengilegu forvarna- og fræðsluefni sem tekur á ofbeldi. Eitt af meginmarkmiðum Vitundarvakningar var að standa að fræðslu og gerð fræðsluefnis um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Fyrir tilstuðlan Vitundarvakningar hefur verið framleitt fjölbreytt fræðsluefni fyrir mismunandi aldurshópa, foreldra og fólk sem vinnur með börnum eða í tengslum við börn. Þá hafa verið haldin námskeið og ráðstefnur þar sem fjöldi sérfræðinga hefur miðlað sérþekkingu sinni.

Mikilvægt er að nýta áfram þá reynslu og þekkingu sem hlotist hefur með starfsemi Vitundarvakningar og finna einstökum verkefnum farveg til frambúðar. Vitundarvakning hefur unnið framtíðarsýn í forvörnum gegn ofbeldi barna á Íslandi þar sem æskilegar áherslur í næstu skrefum eru tilgreindar. Tillaga Vitundarvakningar byggir á samráði fagaðila, miðlægri upplýsingaveitu, fræðslu og rannsóknum. Hún styður við *samstarfsyfirlýsingu um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess* sem félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu í desember 2014.



# EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	5
FRAMTÍÐARSÝN VITUNDARVAKNINGAR.....	7
FRÆÐSLUEFNI .....	7
Fræðsluverkefni Vitundarvakningar sem halda áfram.....	7
Áherslur Vitundarvakningar um næstu fræðsluverkefni.....	8
FYRIRKOMULAG FORVARNA.....	9
Starfsemi.....	9
1. Samráð fagaðila.....	9
2. Miðlæg upplýsingaveita.....	9
3. Fræðsla.....	9
4. Rannsóknir.....	10
1. GRUNDVÖLLUR VITUNDARVAKNINGAR.....	11
2. VERKEFNI FYRIR BÖRN.....	13
2.1 <i>Krakkarnir í hverfinu</i> , brúðuleikrit um ofbeldi .....	13
2.2 <i>Fáðu já</i> , stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs .....	15
2.3 <i>Stattu með þér</i> , stuttmynd um sjálfsvirðingu, ofbeldi og mörk.....	16
2.4 <i>Leiðin áfram</i> , myndbönd um réttarvörslukerfið fyrir brotþola.....	17
3. VERKEFNI FYRIR FÓLK SEM VINNUR MEÐ BÖRNUM .....	19
3.1 Tengiliðanet.....	19
3.2 Handbókin <i>Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla</i> .....	19
3.3 Fræðsluritið <i>Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna</i> .....	20
3.4 Þýðing á <i>Leiðbeiningareglum um barnvænlega réttarvörslu</i> .....	20
4. NÁMSKEIÐ OG RÁÐSTEFNUR .....	21
4.1 Fræðsluþing fagaðila 2012-2014 .....	21
4.2 <i>Kynlegt ferðalag – námskeið um kynjamennt</i> .....	22
4.3 Námskeið um réttarvörslukerfið.....	22
4.4 Kynningar erlendis.....	23
5. AUKIN SAMFÉLAGSVITUND .....	24
6. YFIRLIT OG SAMANTEKTIR.....	25
7. MAT Á ÁRANGRI .....	26
7.1 Rannsókn á árangri brúðuleikhússins <i>Krakkarnir í hverfinu</i> .....	26
7.2 Rannsókn á árangri stuttmyndarinnar <i>Fáðu Já</i> .....	26
7.3 Matskönnun á árangri fræðsluþinga Vitundarvakningar.....	27
HEIMILDASKRÁ .....	29
Viðauki I: Niðurstöður rannsókna á brúðuleikritinu <i>Krakkarnir í hverfinu</i> ....	31
Rannsókn framkvæmd af RBF .....	31
Rannsókn framkvæmd af BÆR.....	32
Umræður um niðurstöður rannsókna .....	34
Viðauki II: Fjölmiðlaumfjöllun .....	35
Dæmi um fjölmiðlaumfjöllun um <i>Fáðu já</i> .....	35
Dæmi um fjölmiðlaumfjöllun um <i>Stattu með þér</i> .....	36

Viðauki III: Fyrirliggjandi forvarna- og fræðsluefni .....	37
Leikskólastig og yngsta stig grunnskóla .....	37
Yngsta stig - miðstig grunnskóla.....	38
Miðstig grunnskóla .....	38
Efsti stig grunnskóla - framhaldskóli .....	39
Öll skólastig.....	40
Fullorðnir (foreldrar og starfsfólk sem vinnur með börnum).....	41
Viðauki V: Tímalína Vitundarvakningar .....	43
2007-2011.....	43
2012.....	43
2013.....	44
2014.....	46
2015.....	48
8. SVIPMYNDIR ÚR STARFINU .....	49



## FORMÁLI

Vitundarvakning um kynferðisleg, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum er samstarfsverkefni innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Verkefnisstjórn Vitundarvakningar er skipuð einum fulltrúa úr hverju ráðuneyti. Verkefnastjóri Vitundarvakningar hefur verið staðsettur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti hefur haft umsjón með vef verkefnisins og innanríkisráðuneyti hefur haft umsjón með fjármálum. Þverfaglegt samstarf ráðuneytanna hefur helgast af víðfeðmu hlutverki Vitundarvakningar, samkvæmt Lanzarotesamningnum, og skiptingu málaflokka milli ráðuneyta.

Núverandi verkefnisstjórn Vitundarvakningar skipa Jóna Pálsdóttir formaður tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneyti, María Rún Bjarnadóttir tilnefnd af innanríkisráðuneyti og Guðríður Bolladóttir tilnefnd af velferðarráðuneyti. Kristín Jónsdóttir er verkefnastjóri. Karen Ásta Kristjánsdóttir er starfsmaður verkefnisstjórnar og ritaði þessa skýrslu. Verkefnisstjórn frá janúar 2012 til maí 2013 skipuðu Halla Gunnarsdóttir formaður tilnefnd af innanríkisráðuneyti, Berglind Rós Magnúsdóttir tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneyti, Þorgerður Benediktsdóttir tilnefnd af velferðarráðuneyti. Jóna Pálsdóttur, mennta- og menningarmálaráðuneyti, var verkefnastjóri. Um tíma voru Rán Ingvarsdóttir og Guðlín Steinsdóttir frá velferðarráðuneyti í verkefnisstjórn og Finnborg Salome Steinþórsdóttir starfsmaður verkefnisstjórnar.

Vitundarvakning beindi sjónum að börnum og fólki sem vinnur með börnum eða í tengslum við börn í starfi sínu. Markmið Vitundarvakningar með réttindafræðslu barna var að opna umræðu um ofbeldi gegn börnum. Lögð var áhersla á að upplýsa börn um að þau eigi sjálfstæðan rétt sem er óháður rétti fullorðinna, að hlustað sé á þau og mörk þeirra virt. Þekking fagaðila innan skólakerfis og réttarvörslukerfis á einkennum barna sem eru beitt ofbeldi og úrræðum til þess að sporna gegn ofbeldi gegn börnum var hornsteinn fræðslu Vitundarvakningar.

Samningar voru gerðir við fjölda verksala sem fyrst og fremst voru valdir á grundvelli fagþekkingar og fyrri reynslu í þeim málaflökkum sem unnið var með hverju sinni. Ráðherrar félags- og húsnæðismála, innanríkismála og mennta- og menningarmála hafa staðið þétt að baki Vitundarvakningu, mætt á viðburði sem hún hefur staðið fyrir og komið fram í fjölmiðlum til að vekja athygli á málefningu. Áhersla hefur verið á kynningar í fjölmiðlum til auka samfélagsvitund um ofbeldi gegn börnum og vekja athygli á afurðum Vitundarvakningar meðal almennings. Á þremur árum hefur verkefnisstjórn Vitundarvakningar fundað sérstaklega með yfir fimmtíu sérfræðingum og fagaðilum um þennan málaflökk og leitað álits hjá fjölmörgum börnum. Verkefnisstjórnin þakkar þeim kærlega fyrir ómetanlegt framlag við mótun og þróun þeirra verkefna sem hún stóð að.

Kennimerki Vitundarvakningar hannaði Marta Valgeirsdóttir. Vefsíða Vitundarvakningar er [www.vel.is/vitundarvakning](http://www.vel.is/vitundarvakning)



## FRAMTÍÐARSÝN VITUNDARVAKNINGAR

Með stofnun Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum var stigið framfaraskref í málaflokknum og starfsemin síðastliðin þrjú ár hefur reynst árangursrík. Nú þegar þessu fyrsta átaksverkefni stjórnvalda í ofbeldisforvörnum fyrir börn lýkur ber að hyggja að farvegi fyrir starfið til frambúðar og tryggja að byggt verði á þeirri reynslu sem skapast hefur. Festa þarf verkefni Vitundarvakningar í sessi, tryggja áframhaldandi þróun þeirra og byggja á tengslum sem hafa myndast og reynslu sem hefur áunnist með námskeiða- og ráðstefnuhaldi á starfstímanum.

Verkefninu var settur þriggja ára tímarammi með það að leiðarljósi að staða málaflokksins yrði endurmetin í lokin og ákvörðun um næstu skref tekin í kjölfarið. Ákveðið hefur verið að veita viðbótarfjármagni til þessa málaflokks á árinu 2015, meðal annars til að halda áfram fræðslu í öllum 2. bekkjum grunnskóla og annarri starfsemi sem Vitundarvakning hefur þegar lagt grunn að. Hér á eftir verður gerð grein fyrir framtíðarsýn Vitundarvakningar. Hún er í tveimur hlutum. Í fyrri hluta, *Fræðsluefni*, er farið yfir hvaða málefnum og hvaða hópum er brýnt að beina sjónum að. Í síðari hluta, *Fyrirkomulag forvarna*, eru tillögur að framtíðarfyrirkomulagi í ofbeldisforvörnum eftir að Vitundarvakning hefur lokið þriggja ára starfstíma sínum. Í framtíðarsýninni eru lögð fram drög að starfsemi sem grundvallast á samráði fagaðila og miðlægru upplýsingaveitu með það að markmiði að tryggja forgangsröðun og stærðarhagkvæmni í málaflokknum. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að fræðslu og rannsóknnum verði sinnt með markvissum hætti. Framtíðarsýn Vitundarvakningar styður við *samstarfsyfirlýsingu innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess*, sem undirrituð var af ráðherrum hinn 18. desember 2014.<sup>1</sup>

## FRÆÐSLUEFNI

*Evrópusamningur um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna, svonefndur Lanzarotesamningur*, kveður á um skyldu stjórnvalda til að fræða börn á grunn- og framhaldsskólaaldri, starfsfólk í réttarvörslukerfinu og fólk sem starfar með börnum sem og almenning. Vitundarvakning hefur lyft *Auðartaki* í gerð forvarna- og fræðsluefnis fyrir börn um ofbeldi en fram að stofnun hennar skorti það víða. Mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram því stöðugt er þörf á umbótum í málaflokknum.

## Fræðsluverkefni Vitundarvakningar sem halda áfram

1. **Yngsta stig grunnskóla.** Brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu*<sup>2</sup> var sýnt öllum börnum í öðrum bekk grunnskóla á starfstíma Vitundarvakningar.

<sup>1</sup> *Samstarfsyfirlýsing innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess* er aðgengileg hér: <http://www.velferðarraduneyti.is/media/frettatengt-2014/Samstarfsyfirlýsing-15.12.2014.pdf>

<sup>2</sup> *Krakkarnir í hverfinu* kemur frá bandaríska brúðuleikhúsinu *The Kids on the Block*. Rauði krossinn á Íslandi keypti brúðurnar upphaflega árið 1987 og árið 2005 fengu samtökin Blátt áfram formlegt leyfi frá *The Kids on the Block* til að þýða og staðfæra efnið og sýna það hér á landi.

2. **Miðstig grunnskóla.** Stuttmyndin *Stattu með þér* ásamt kennsluleiðbeiningum.
3. **Efsta stig grunnskóla og framhaldsskólaaldur.** Stuttmyndin *Fáðu já* ásamt kennsluleiðbeiningum.
4. **Brotapolar kynferðisofbeldis.** Tvö fræðslumyndbönd, *Leiðin áfram*, fyrir 14 ára og yngri og *Leiðin áfram*, fyrir 15 ára og eldri.
5. **Kennarar og annað starfsfólk í skólum.** Handbókin *Ofbeldi gegn börnum - hlutverk skóla*.
6. **Sérfræðingar innan réttarvörslukerfisins.** Fræðsluritið *Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarvörslukerfisins og réttarvernd barna*.

### Áherslur Vitundarvakningar um næstu fræðsluverkefni

- **Leikskólastig.** Innleiða fræðsluefni fyrir börn á leikskólastigi<sup>3</sup> og koma á fræðslu sem sérstaklega er ætluð starfsfólki í leikskólum<sup>4</sup> með áherslu tilkynningaskyldu opinberra starfsmanna og einkenni kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis.
- **Fötlud börn.** Taka þarf sérstakt tillit til mismunandi aðstæðna fatlaðra barna við gerð forvarna- og fræðsluefnis fyrir börn.
- **Gerendur ofbeldis.** Útbúa forvarna- og fræðsluefni sem beinist að gerendum ofbeldis.
- **Kynjasjónarmið.** Útbúa fræðsluefni sem brýtur niður þagnarmúr um konur/stúlkur sem gerendur ofbeldis og drengi sem þolendur kynferðisofbeldis.
- **Kynboð (e. sexting).** Útbúa forvarna- og fræðsluverkefni um misnotkun kynboða.<sup>5</sup>
- **Menntun fagstétta.** Huga þarf að inntaki menntunar fagstétta sem vinna með og í tengslum við börn.
- **Foreldrafræðsla.** Víðtækri fræðslu um ofbeldi verði komið á með markvissum hætti fyrir foreldra.

---

Brúðuleikritið fellur vel að markmiðum Vitundarvakningar, sem gerði samning við leikstjóra um reglubundnar sýningar í öllum grunnskólum landsins þegar hún tók til starfa árið 2012.

<sup>3</sup> Til hliðsjónar: *Þetta er líkaminn minn*, fræðsluefni á vegum Barnaheilla. Sjá nánar í kaflanum *Fyrirliggjandi fræðsluefni* á bls. 37.

<sup>4</sup> Til hliðsjónar: *Öryggisbæklingur fyrir starfsfólk leikskóla* sem mennta- og menningarmálaráðuneyti gaf út árið 2014 um líkamlegt öryggi leikskólabarna, sjá hér: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8020> og *Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla* sem Vitundarvakning og Námsgagnastofnun gáfu út árið 2014, sjá hér: [http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/ofbeldi\\_gegn\\_bornum/](http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/ofbeldi_gegn_bornum/)

<sup>5</sup> *Kynboð* er hugtak yfir þá hegðun að senda, fá sent og deila með öðrum kynferðislegum myndum og/eða texta á rafrænu formi í gegnum snjallsíma eða önnur fjarskiptatæki. Þegar kynboðum er deilt án leyfis sendanda er um ofbeldi að ræða (hefndarklám). Nánari umfjöllun um kynboð má nálgast á vef Vitundarvakningar.

## **FYRIRKOMULAG FORVARNA**

Ljóst er að auka þarf samhæfingu fagaðila sem starfa í málaflokknum. Til þess þarf miðlæga starfsemi sem veitir yfirsýn og heldur utan um viðeigandi upplýsingar um störf þeirra fjölmörgu stofnana og samtaka sem koma að vernd barna. Rannsóknir á umfangi ofbeldis þarf að gera með reglulegum hætti og vinna þarf markvisst að samantekt á fyrirliggjandi upplýsingum. Tillaga Vitundarvakningar um framtíðarfyrirkomulag í ofbeldisforvörnum barna grundvallast á samráði og miðlægni.

Vitundarvakning leggur til að stofnað verði *Umhyggjusvið* sem annist forvarna- og fræðslustarf um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Starfseminni verði komið fyrir hjá viðeigandi stofnun sem hafi heildaryfirsýn yfir ofbeldisforvarnir. Þær stofnanir sem starfsemin gæti heyrt undir eru:

- a) ný stjórnslustofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar,
- b) Embætti landlæknis,
- c) ný Menntamálastofnun,
- d) eða samstarf ráðuneyta.

### **Starfsemi**

Fjögur meginmarkmið *Umhyggjusviðs* yrðu samráð fagaðila, miðlæg upplýsingaveita, fræðsla og rannsóknir.

#### **1. Samráð fagaðila**

Samráð fagaðila felur í sér samstarf stjórnvalda, sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra sem vinna með ofbeldi gegn börnum. Það er gert með því að standa að *samráðsvettvangi fyrir fagaðila*. Markmiðið er að skapa yfirsýn yfir málaflokkinn og tryggja þannig að forgangsröðun verkefna sé almennt unnin á grundvelli heildstæðra upplýsinga.

#### **2. Miðlæg upplýsingaveita**

Upplýsingaflæði er undirstaða forgangsröðunar og hagkvæmni í málaflokknum. Miðlæg upplýsingaveita, sem felur í sér *skráningu* um stöðu forvarna- og fræðslustarfs um ofbeldi, nýtist í störfum þeirra sem vinna að forvörnum. Formfast og samhæft verklag styður þar að auki við reglulega upplýsingagjöf til ráðuneyta og barnaréttar Sameinuðu þjóðanna í samræmi við skuldbindingar íslenskra stjórnvalda.

#### **3. Fræðsla**

Vitundarvakning leggur til að fræðsla fyrir fagaðila og foreldra verði tryggð með þeim hætti að sem flestir sæki hana. Slíkt verður aðeins gert með tryggu baklandi stjórnvalda. Ljóst er að fræðsluþing<sup>6</sup> eru leið til að veita aðgang að nauðsynlegri fræðslu fyrir alla sem vinna með börnum. Ekki er nóg að fulltrúar stofnana og einstaka áhugasamir einstaklingar taki þátt í slíku. Mikilvægt er að fræðsluefni um ofbeldi verði hluti af reglulegu og ítrekuðu námsefni á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

---

<sup>6</sup> Sjá nánar um fræðsluþing fagaðila frá 2012 til 2014 á bls. 21.

#### **4. Rannsóknir**

Mikilvægt er að stefnumótun og aðgerðir í forvarnaskyni byggist á bestu þekkingu á eðli, umfangi og afleiðingum kynferðisofbeldis. Til þess að svo megi verða þurfa að liggja fyrir heildstæðar, samhæfðar upplýsingar um mál sem koma upp hér á landi og viðbrögð við þeim. Vitundarvakning leggur til að þeim gögnum sem nú þegar eru fyrirliggjandi hjá stofnunum og samtökum sem varða málaflokkinn verði reglulega safnað saman. Gögnin verði greind og notuð til að skilja betur eðli og umfang ofbeldis gegn börnum. Jafnframt verði stutt við framkvæmd rannsókna sem stuðla að samanburðarhæfum gögnum og vinnubrögðum sem stuðla að skilvirkari stefnumótun í málaflokknum.

## 1. GRUNDVÖLLUR VITUNDARVAKNINGAR

Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum á rætur að rekja til *Evrópusamnings um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna*<sup>7</sup> sem samþykktur var á Lanzarote árið 2007 (einnig nefndur *Lanzarotesamningurinn*). Ísland undirritaði samninginn árið 2008 og Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um fullgildingu hans árið 2011.<sup>8</sup> Í kjölfarið gerðu innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti með sér samning um framkvæmd *Vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*<sup>9</sup>. Vitundarvakning var sett á fót sem þriggja ára átaksverkefni, með fyrirvara um stöðumat við lok þess tímabils. Á grundvelli tillagna frá *Samráðshópi forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn*<sup>10</sup> árið 2013 var ákveðið að útvíkka starfsemi Vitundarvakningar svo hún tæki einnig til andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum. Frá því starfaði hún undir nafninu *Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum*.

Til að uppfylla Lanzarotesamninginn fékk Vitundarvakning 25 m.kr. til ráðstöfunar árið 2012 og 15,7 m.kr. árið 2013. Í fjárukalögum árið 2013 9,5 m. kr. fyrir vinnu að þeim viðbótarverkefnum sem henni voru falin þegar starfsemin var útvíkkuð og á árinu 2014 fékk Vitundarvakning 29 m.kr. fyrir áframhaldandi störf. Samþykkt hefur verið að hvert af þeim þremur ráðuneytum sem Vitundarvakning starfar fyrir leggi til 3,0 m.kr. fyrir árið 2015 til að viðhalda starfsemi þeirra verkefna sem komin eru af stað.

Lanzarotesamningurinn er víðtækasti alþjóðasamningur sem gerður hefur verið um þetta efni. Markmið samningsins er að stuðla að öflugum og virkum forvörnum til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, vernda rétt barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og efla samstarf innan og milli ríkja um hvers konar kynferðislega misneytingu og kynferðislega misnotkun gegn börnum. Verksvið Vitundarvakningar fellur undir II. kafla samningsins sem kveður á um ábyrgð stjórnvalda til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fræðslu og forvarnir í málaflokknum. Á grundvelli sáttmálans beindist fræðsla- og forvarnastarf Vitundarvakningar að börnum, fólki sem vinnur með börnum eða í tengslum við börn, réttarvörslukerfinu og almenningi.

Lanzarotesamningurinn byggist í grundvallaratriðum á ákvæðum *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* frá 1989 (hér eftir nefnur

<sup>7</sup> Evrópuráðið. (2007). *Evrópuráðssamningur um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum*. Sótt 01.12.2014 af: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Evropuradssamningur\\_um\\_varnir\\_gegn\\_brotum\\_a\\_bornum.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Evropuradssamningur_um_varnir_gegn_brotum_a_bornum.pdf)

<sup>8</sup> Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun) tóku gildi 11.06.2012 sem lög nr. 58/2012.

<sup>9</sup> Skv. Barnasáttmálanum er barn skilgreint sem einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

<sup>10</sup> Forsætisráðuneytið. (2013). *Samráðshópur forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn*. Sótt 01.12.2014 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla-urraedi-fyrir-tholendur-kynferdisbrota.pdf>

*Barnasáttmálinn*) en með Lanzarotesamningnum er í fyrsta sinn gerð tilraun til þess að útfæra nánari skyldur einstaka ríkja á tilteknum réttarsviðum hans. Barnasáttmálinn var fullgiltur á Íslandi árið 1992 og lögfestur á hinn 6. mars 2013 með lögum nr. 19/2013.<sup>11</sup> Barnasáttmálinn byggir á þeirri grundvallarsýn að börn þurfi á sérstakri vernd og umönnun að halda, þau séu viðkvæmari en fullorðnir fyrir ytri aðstæðum, berskjaldaðri gagnvart misnotkun og ofbeldi og eigi ekki jafn auðvelt og fullorðnir með að hafa áhrif á nánasta umhverfi sitt. Samhliða því er lögð rík áhersla á að þau séu virkir þátttakendur í þjóðfélaginu sem sjálfstæðir einstaklingar með réttindi og ábyrgð sem hæfir þroska þeirra og aldri. Þessi sýn á réttarstöðu barna var grunnstefið í öllum verkefnum Vitundarvakningar.

Víðtækt hlutverk Vitundarvakningar felur í sér fjölbreytt verkefni sem beinast að forvarna- og fræðslustarfi um ofbeldi gegn börnum. Verkefnum eru gerð skil í köflum sem raðað er upp eftir áherslum Lanzarotesamningsins.

- Verkefni fyrir börn.
- Verkefni fyrir fólk sem vinnur með börnum.
- Námskeið og ráðstefnur.
- Aukin samfélagsvitund og upplýsingamiðlun.
- Yfirlit og samantektir.
- Mat á árangri forvarna- og fræðsluverkefna Vitundarvakningar.

---

<sup>11</sup> Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.



## 2. VERKEFNI FYRIR BÖRN

Á grundvelli 6. gr. Lanzarotesamningsins stóð Vitundarvakning að gerð forvarna- og fræðsluefnis gegn ofbeldi sem einkum er ætlað börnum í grunn- og framhaldsskólum. Þar er sérstök áhersla lögð á áhættuaðstæður sem felast í notkun nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni og Vitundarvakning tók mið af því. Á grundvelli Barnasáttmálans voru markmið Vitundarvakningar með réttindafræðslu barna að opna umræðuna um ofbeldi gegn börnum. Áhersla var lögð á að upplýsa börn um að þau eigi sjálfstæðan rétt sem er óháður rétti fullorðinna, að á þau eigi að hlusta og að mörk þeirra eigi að virða.

Vitundarvakning stóð að gerð forvarna- og fræðsluefnis fyrir yngsta stig, miðstig og efsta stig grunnskóla og framhaldsskóla. Í þessum kafla er fjallað um innihald, framkvæmd og eftirfylgni hvers og eins verkefnis fyrir sig.

- *Krakkarnir í hverfinu*. Brúðuleikrit fyrir yngsta stig grunnskóla.
- *Fáðu Já*. Stuttmynd fyrir efsta stig grunnskóla og framhaldsskóla.
- *Stattu með þér*. Stuttmynd fyrir miðstig grunnskóla.
- *Leiðin áfram*. Fræðslumyndbönd fyrir börn sem eru þolendur kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra.

### 2.1 *Krakkarnir í hverfinu*, brúðuleikrit um ofbeldi

Vitundarvakning stóð fyrir sýningum á brúðuleikritinu *Krakkarnir í hverfinu* í öllum 2. bekkjum grunnskóla landsins á árunum 2012 - 2014.<sup>12</sup> Brúðuleikritið er forvarna- og fræðslusýning um ofbeldi fyrir ung börn. Markmið sýningarinnar er að opna umræðu um ofbeldi meðal barna, gera greinarmun á ofbeldi og uppeldi og veita þeim styrk til þess að leita sér aðstoðar ef þess er þörf. Sýningunni er ætlað að hvetja börn sem eru beitt ofbeldi til þess að greina frá því svo hægt sé að bregðast við aðstæðum þeirra. Leikþættirnir eru þrír og tekið er á mismunandi vanda í hverjum þeirra en allir byggja þeir á því að brúðurnar deila sögum sínum og ræða við börnin sem á hana horfa.

Sýningin er ætluð börnum en felur einnig í sér leiðbeiningar til starfsfólks í skólum um æskileg viðbrögð þegar barn segir frá ofbeldi eða það upplýsist með öðrum hætti. Eftir hverja sýningu halda brúðuleikstjórnarnir fund með skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem viðstaddir eru sýninguna, ræða hvað kom þar fram og hvernig eigi að bregðast við.

Áhersla er lögð á að námsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og/eða kennarar séu viðstaddir sýninguna ef upp skyldi koma mál í kjölfar hennar sem þurfi að bregðast við. Á haustin sendir Vitundarvakning bréf til skólastjóra, barnavernda og félagsþjónustu með upplýsingum um væntanlegar sýningar á brúðuleikritinu og hvatningu um að fulltrúi barnaverndarnefndar og sérfræðingar hvers skóla og/eða sveitarfélags verði viðstaddir. Að sýningum loknum fá foreldrar og forráðamenn barnanna bréf frá Vitundarvakningu þar sem þau eru

---

<sup>12</sup> Sýningar á *Krakkarnir í hverfinu* í umsjón Vitundarvakningar hafa alls verið 429.

upplýst um að börn þeirra hafi séð sýninguna og eru frædd um innihald hennar og markmið.

### **Aðdragandi verkefnis**

Rauði kross Íslands keypti árið 1987 brúðurnar hjá bandaríska brúðuleikhúsinu *The Kids on the Block*. Tilefnið var alþjóðleg ráðstefna um ofbeldi gegn börnum sem haldin var í Noregi og var sýningin framlag Íslands á ráðstefnunni.

Samtökin *Blátt áfram* fengu síðar formlegt leyfi frá *The Kids on the Block* til að þýða og staðfæra efnið og sýna það í grunnskólum hér á landi. Velferðarsjóður barna styrkti Blátt áfram til að koma sýningunni á fót og á árunum 2005 til 2011 stóðu samtökin og brúðuleikstjórnarnir fyrir sýningum, gegn gjaldi, í skólum sem þess óskuðu. Samhliða sýningum buðu samtökin upp á forvarnafræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum fyrir skólafólk. Útbreiðsla sýningarinnar var takmörkuð og háð áhuga einstakra skóla og því var ljóst að mikilvægt væri að stjórnvöld veittu verkefninu stuðning.<sup>13</sup> Í byrjun árs 2012 gerði Vitundarvakning samning við brúðuleikstjórana Hallveigu Thorlacius og Helgu Arnalds um sýningar á leikritinu fyrir öll börn í 2. bekk grunnskóla næstu þrjú árin, frá ársbyrjun 2012 til ársloka 2014. Sýningarnar voru fjármagnaðar af Vitundarvakningu og voru án endurgjalds fyrir skólana.

### **Mat á árangri**

Tvær rannsóknir voru gerðar þar sem árangur af sýningum á *Krakkarnir í hverfinu* hér á landi var metinn. Í mars 2013 veitti Vitundarvakning Rannsóknarstofu í barna- og æskulýðsfræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands (BÆR) verkefnastyrk til rannsóknar vegna leiksýninga á *Krakkarnir í hverfinu* eftir að Vitundarvakning hóf að sýna hana markvisst í grunnskólum landsins. Rannsóknin ber heitið *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð: átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum*. Niðurstöður lágu fyrir í júní 2014. Áður hafði Blátt áfram falið *Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við félagsvísindasvið HÍ* (RBF) að meta árangur brúðuleikhússins.

Rannsóknirnar sýna að brúðuleikritið hefur reynst hvetjandi fyrir börn til að greina frá ofbeldi og auðveldað starfsfólki í skólum að bregðast við á réttan hátt. Jafnframt sýna rannsóknirnar að kennarar kalla á meiri fræðslu um ábyrgð sína og æskileg viðbrögð í kjölfar þess að upp kemst um ofbeldi á börnum. Viðvera starfsfólks félagsþjónustu barnaverndar hefur aukist eftir að sýningarnar færðust undir starfsemi Vitundarvakningar en þarf engu að síður að vera markvissari.

Sjá nánar um rannsóknirnar í viðauka I.

---

<sup>13</sup> Guðrún Edda Barnadóttir. (2014). *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð: átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

## **2.2 *Fáðu já, stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs***

Vitundarvakning stóð að gerð stuttmyndarinnar *Fáðu já*, sem ætluð er unglíngum og fjallar um mörkin milli ofbeldis og kynlífs. Með gerð myndarinnar var stigið nýtt skref í forvörnum gegn kynferðisofbeldi á Íslandi með fræðslu sem leggur áherslu á ábyrgð gerenda og mikilvægi þess að fá skýrt samþykki fyrir kynlífsathöfnum. Við móttun verkefnisins boðaði verkefnisstjórn Vitundarvakningar til rýnifunda til þess að fá athugasemdir frá sérfræðingum, kennurum og foreldrum. Tekið var tillit til athugasemda áður en endanlega var gengið frá myndinni. Handritshöfundar og leikstjórar eru Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. Framleiðandi er Zetafilm. *Fáðu já* er aðgengileg á vef Vitundarvakningar [www.vel.is/faduja](http://www.vel.is/faduja)

### **Textaðar útgáfur stuttmyndarinnar**

*Fáðu já* er textuð á sjö tungumál: dönsku, ensku, filippísku, íslensku, pólsku, tælensku og spænsku. Textaðar útgáfur eru aðgengilegar á vefsíðunni [www.vel.is/faduja](http://www.vel.is/faduja)

### **Kennsluleiðbeiningar**

Höfundar stuttmyndarinnar gerðu kennsluleiðbeiningar fyrir myndina sem nýtast jafnframt sem fræðsla fyrir fullorðna um hvernig nálgast megi umræðu um kynferðismál við unglínga. Kennsluleiðbeiningar eru aðgengilegar á vefsíðunni [www.vel.is/faduja](http://www.vel.is/faduja)

### **Kynning stuttmyndarinnar og dreifing til nemenda/almennings**

Mikið kynningarstarf hófst í aðdraganda frumsýningar *Fáðu já*. Markmið þess var að vekja athygli á stuttmyndinni, dreifa boðskap hennar meðal almennings og jafnframt að stuðla að aukinni umræðu um mörk kynlífs og ofbeldis í fjölmiðlum.

Stuttmyndin var forsýnd í Bíó Paradís í janúar 2013 að viðstöddum þeim ráðherrum sem að Vitundarvakningu stóðu. Stuttu síðar (30. janúar) var frumsýning fyrir eldri bekkji grunnskóla og í flestum framhaldsskólum landsins. Staðið var að frumsýningu með það að markmiði að tryggja sýningu myndarinnar í sem flestum skólum og skapa stemmingu meðal unglínga fyrir myndinni. Vitundarvakning sendi skólastjórum myndina á mynddiski og prentað eintak af kennsluleiðbeiningum, ásamt bréfi með kynningu á *Fáðu já* og fyrirkomulagi frumsýningar. Því var svo fylgt eftir með umfangsmikilli kynningu í fjölmiðlum. Stuttmyndin var sýnd á RÚV og því fylgt eftir með endursýningu. *Fáðu Já* vakti athygli meðal almennings og var fjallað um stuttmyndina og innihald hennar á öllum helstu miðlum; sjónvarpi, vefmiðlum, fréttablöðum og tímaritum. Dæmi um þá fjölmiðlaumfjöllun má sjá í viðauka II.

### **Sérstakt námsefni úr *Fáðu já***

SAFT (*Samfélag, fjölskylda og tækni*) kostaði útgáfu námsefnis úr innihaldi *Fáðu Já* sem var unnið í samvinnu við höfunda stuttmyndarinnar og Námsgagnastofnun. Um er að ræða þrjú sjálfspróf um birtingarmyndir kynjanna á netinu, kynlíf og klám. Sjálfsprófin eru aðgengileg á vefjum SAFT og Vitundarvakningar.

### **Eftirfylgni og mat á árangri *Fáðu já***

Í samvinnu við *Heimili og skóla* hefur Vitundarvakning látið kanna áhorf unglunga í 10. bekk á *Fáðu já*, áhrif myndarinnar og viðhorf til hennar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að skilaboð stuttmyndarinnar komist vel til skila og styðja við mikilvægi þess að ungt fólk fái fræðslu um mörkin milli kynlífs og ofbeldis.

Nánar um rannsóknina í 7. kafla, *Mat á árangri*.

### **Viðurkenningar og verðlaun fyrir *Fáðu já***

*Fáðu Já* hefur hlotið þrjár viðurkenningar:

- Í desember 2013 afhenti Stígamót viðurkenningar til sjö aðila fyrir framlag þeirra til baráttunnar gegn kynferðisofbeldi. Meðal annars voru stuttmyndin *Fáðu já* og handritshöfundar myndarinnar heiðruð.
- Í mars 2013 hlaut *Fáðu já* fyrstu verðlaun í flokknum „myndbönd og fræðslumyndir“ á ráðstefnu 30 Evrópuríkja um netöryggisáætlun Evrópusambandsins í Tallin (INSAFE). Ráðstefnan var liður í samstarfi um netöryggisáætlun Evrópusambandsins. SAFT heldur utan um það starf fyrir hönd íslenskra stjórnvalda.
- Sjálfsprófin sem unnin eru úr *Fáðu já* framlag SAFT í samkeppni INSAFE á Möltu um besta kennsluefnið um jákvæða og örugga netnotkun. Var það valið besta efnið í sínum flokki.

### **2.3 *Stattu með þér*, stuttmynd um sjálfsvirðingu, ofbeldi og mörk**

Í framhaldi af stuttmyndinni *Fáðu já* fyrir efsta stig grunnskóla og framhaldsskóla stóð Vitundarvakning að gerð stuttmyndar fyrir miðstig grunnskóla. Hún ber heitið *Stattu með þér* og fjallar um sjálfsvirðingu, ofbeldi og að setja mörk. Markmiðið með gerð *Stattu með þér* er að tryggja að til sé forvarna- og fræðsluefni fyrir miðstig grunnskóla á Íslandi sem inniheldur réttindafræðslu fyrir börn samhliða forvarnafræðslu gegn ofbeldi. Fræðsluefnið er það fyrsta sinnar tegundar fyrir börn á aldrinum 10-12 ára. Handritshöfundur er Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og leikstjóri er Brynhildur Björnsdóttir. *Stattu með þér* er aðgengileg á vefsíðunni [www.vel.is/stattumedther](http://www.vel.is/stattumedther)

### **Textaðar útgáfur stuttmyndarinnar**

*Stattu með þér* er textuð á sex tungumál: dönsku, ensku, íslensku, pólsku, tælensku og spænsku. Textaðar útgáfur eru aðgengilegar á vefsíðunni [www.vel.is/stattumedther](http://www.vel.is/stattumedther)

### **Kennsluleiðbeiningar**

Höfundar stuttmyndarinnar gerðu kennsluleiðbeiningar fyrir myndina sem nýtast jafnframt sem fræðsla fyrir fullorðna um hvernig nálgast megi umræðu um þessi mál við börn. Kennsluleiðbeiningar eru aðgengilegar á vefsíðunni [www.vel.is/stattumedther](http://www.vel.is/stattumedther)

## **Aðkoma barna og fagaðila við gerð myndarinnar**

Við undirbúning stuttmyndarinnar unnu handritshöfundur og leikstjóri með rýnihópum 10-12 ára barna og spurðu þau um málefni sem stuttmyndina snertir. Eitt af því sem vakti athygli var að börnin svöruðu hiklaust játandi þegar þau voru spurð hvort þau ættu að hlýða fullorðna fólki. Í kjölfarið voru þau spurð hvort þetta gildi um alla fullorðna og enn svöruðu öll börnin játandi. Þetta var umhugsunarefni fyrir aðstandendur myndarinnar enda má ætla að börn sem hlýði í blindni standi höllum fæti og séu varnarlausari gagnvart þeim sem leitast við að beita ofbeldi. Rauði þráður myndarinnar er að efla sjálfstraust barna svo þau hafi kjark til þess að standa með sjálfum sér og rjúfa vítahring ofbeldis ef svo ber undir.

Verkefnisstjórn Vitundarvakningar boðaði til rýnifundar með sérfræðingum, kennurum og foreldrum áður en gengið var endanlega frá myndinni. Óskað var sérstaklega eftir þátttöku helstu aðila sem koma að málaflökknum og var tengiliðanet Vitundarvakningar nýtt til þess.

## **Kynning stuttmyndarinnar og dreifing til skóla/almennings**

*Stattu með þér* fékk sambærilega kynningu og *Fáðu já*. Sömu markmið voru sett; að dreifa myndinni í alla grunnskóla á landinu, vekja athygli almennings á stuttmyndinni og stuðla jafnframt að aukinni umræðu um boðskap myndarinnar í fjölmiðlum. Dæmi um fjölmiðlaumfjöllun má sjá í viðauka II.

Forsýning fór fram í Bíó Paradís í byrjun október 2014 að viðstöddum þeim ráðherrum sem að Vitundarvakningu stóðu. *Stattu með þér* var svo frumsýnd í öllum grunnskólum landsins hinn 9. október 2014. Vitundarvakning sendi skólastjórum myndina á mynddiski og prentað eintak af kennsluleiðbeiningum, ásamt bréfi með kynningu á *Stattu með þér* og fyrirkomulagi frumsýningar. Með þessu móti var tryggt að skólafólk kynnti sér myndina og öll börn á aldrinum 10-12 fengi tækifæri til þess að horfa á hana. Sérstök athöfn var í Hólabrekkuskóla á frumsýningardeggi að mennta- og menningarmálaráðherra viðstöddum. Frumsýningu í grunnskólum landsins var fylgt eftir með umfangsmikilli kynningu í fjölmiðlum. Dæmi um þá umfjöllun má nálgast í viðauka II.

## **Sérstakt námsefni úr *Stattu með þér***

SAFT (*Samfélag, fjölskylda, tækni*) kostaði útgáfu námsefnis úr *Stattu með þér*. Það var unnið í samvinnu við höfunda stuttmyndarinnar og Námsgagnastofnun. Um er að ræða tvö sjálfspróf um birtingarmyndir kynja á netinu, kynlíf og klám. Sjálfsprófin eru aðgengileg á vef SAFT.

## **2.4 Leiðin áfram, myndbönd um réttarvörslukerfið fyrir brotþola**

Vitundarvakning stóð að gerð fræðslumyndbanda um réttarvörslukerfið fyrir brotþola og aðstandendur þeirra. Þau eru tvö og heita *Leiðin áfram fyrir 14 ára og yngri* og *Leiðin áfram fyrir 15 ára og eldri*. Þar er farið í gegnum ferlið innan réttarvörslukerfisins eftir að kynferðisbrot hefur átt sér stað. Markmið Vitundarvakningarinnar með gerð myndanna er að veita upplýsingar sem minnka ótta og óvissu brotþola fyrir næstu skref, auðvelda þeim að sækja aðstoð og gæta réttinda sinna. Þar greina fulltrúar frá kynferðisbrotadeild lögreglunnar,

Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis, Barnahúsi, Embætti ríkissaksóknara og Héraðdómi Reykjavíkur frá hlutverki og þjónustu sinna stofnana. Samhliða þeirri umfjöllun eru húsakynni sýnd, til dæmis þar sem læknisrannsóknir og skýrslutökur eiga sér stað. Leikstjóri og handritshöfundur er Þóra Tómasdóttir.

### **Táknmálstúlkun og textaðar útgáfur**

*Leiðin áfram* er táknmálstúlkuð á íslensku og textuð á fimm tungumál: dönsku, ensku, pólsku, spænsku og tælensku.

### **Kynningarstarf fræðslumyndanna**

Kynning *Leiðarinnar áfram* fól í sér að vefsíðan [www.leiðinafram.is](http://www.leiðinafram.is) var sett upp. Á henni eru fræðslumyndböndin ásamt gagnlegu aukaefni sem styður við innihald þeirra. Leitarorð voru keypt hjá *Google* til að tryggja að vefsíðan komi auðveldlega fram í leitarniðurstöðum. Markaðsfyrirtækið Kapall ehf. sá um þessa vinnu í samstarfi við verkefnisstjórn.

*Leiðin áfram* var formlega frumsýnd í 12. janúar 2015 að viðstöddum ráðherrum þeirra ráðuneyta sem Vitundarvakning starfar fyrir, fjölmiðlum, aðstandendum verkefnisins og fulltrúum frá stofnunum og samtökum sem koma að ofbeldisforvörnum og vernd barna.

Að frumsýningu lokinni fengu stofnanir og samtök tengd umfjöllunarefninu fréttabréf frá Vitundarvakningu með upplýsingum um fræðslumyndböndin, ásamt beiðni um að gera þau aðgengileg á sínum vefsíðum. Auk þess sem tengiliðanet Vitundarvakningar og skólastjórnendur á öllum skólastigum fengu fréttabréf þar sem *Leiðin áfram* var kynnt.

### 3. VERKEFNI FYRIR FÓLK SEM VINNUR MEÐ BÖRNUM

Á grundvelli 6. gr. Lanzarotesamningsins hefur markmið Vitundarvakningar verið að gera ráðstafanir sem vekja til vitundar um vernd og réttindi barna. Um er að ræða þá einstaklinga sem eiga reglulega í samskiptum við börn í tengslum við menntun, heilbrigðismál, félagslega vernd, réttar- og löggæslu og á sviðum sem tengjast íþrótta- og frístundarstarfi. Í þessu samhengi ber að nefna að verkefni Vitundarvakningar sem fjallað er um hér að framan, í kaflanum um fræðslu- og forvarnaverkefni fyrir börn, innihalda ávallt leiðbeiningar fyrir foreldra og fagaðila.

#### 3.1 Tengiliðanet

Víðfeðmt forvarna- og fræðsluhlutverk Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum skapaði þörf fyrir gagnagrunn með tengiliðum sem gefur kost á farvegi fyrir upplýsingar á milli stjórnvalda og aðila sem starfa í málaflokkum. Tengiliðanet Vitundarvakningar nær til um 1500 aðila í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins, Barnahúsi, barnaverndarnefndum, Barnaverndarstofu, Embætti landlæknis, félagsþjónustu sveitarfélaga, Fjölmeningarsetri, heilbrigðisstofnunum, íþrótta- og æskulýðsstarfi, Jafnréttisstofu og víðar.

Með tengiliðanetinu hefur verkefnisstjórn Vitundarvakningar miðlað upplýsingum um verkefni sín til fagaðila og þannig stutt markvisst við dreifingu þeirra innan viðeigandi stofnana. Vitundarvakning nýtir tengiliðanetið einnig til að fá viðbrögð við verkefnum sem hún stendur að. Árangur af fræðsluþingunum var til að mynda metinn með spurningakönnun til einstaklinga á tengiliðanetinu.

#### 3.2 Handbókin *Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla*

Verkefnisstjórn gerði samning við Námsgagnastofnun um gerð handbókar til að auðvelda kennurum og öðru starfsfólki skóla að sporna gegn hvers kyns ofbeldi gegn börnum. Handbókin nefnist *Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla*.<sup>14</sup> Markmið hennar er að upplýsa kennara og annað starfsfólk skóla um einkenni og áhrif ofbeldis á börn og vekja athygli á forvörnum, inngripi og úrræðum sem eru til staðar til að tryggja sem best velferð nemenda.

Allir skólar á landinu fengu send prentuð eintök af bókinni. Auk þess var rafræn útgáfa hennar send til tengiliðanets Vitundarvakningar og skólastjórnenda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Rafráðan er aðgengileg á vef Vitundarvakningar sem og Námsgagnastofnunar. Höfundar eru Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kr. Christiansen.

---

<sup>14</sup> Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen. (2014). *Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla*. Reykjavík: Námsgagnastofnun og Vitundarvakning um kynferðislegt, líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn börnum.

### **3.3 Fræðsluritið Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna**

Samstarfssamningur milli verkefnisstjórnar Vitundarvakningar og Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni (RÁS) um gerð fræðsluritsins *Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna* var undirritaður í maí 2013.<sup>15</sup> Verkefnisstjórn var skipuð um gerð efnisins. Í henni sátu Kristín Jónsdóttir fyrir hönd Vitundarvakningar, Þórhildur Líndal fyrir hönd RÁS og Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara. Verkefnisstjórn RÁS og Vitundarvakningar fengu Anni G. Haugen, lektor við Félagsráðgjafadeild og Hrefnu Friðriksdóttur, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands til að sjá um ritun.

Fræðsluritið byggir á gildandi lagareglum um kynferðisbrot gegn börnum, samspili reglna innan barnaverndarkerfisins og refsivörslukerfisins um málsmeðferð, meginreglum og sjónarmiðum sem búa að baki reglum Evrópuráðsins um barnvinsamlegt réttarkerfi, auk þess sem fjallað er sérstaklega um sönnunarmat og sönnunarfærslu í málum um kynferðisbrot gegn börnum.

Ritið kom út í október 2014 og var fylgt eftir með námskeiðum á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík fyrir fagaðila innan skólakerfisins og réttarkerfisins; barnaverndar, dómstóla og félagsþjónustu. Fræðsluritið var sent rafrænt til tengiliðanets Vitundarvakningar og er aðgengilegt á vef Vitundarvakningar.

### **3.4 Þýðing á Leiðbeiningareglum um barnvænlega réttarvörslu**

Vitundarvakning lét þýða *Leiðbeiningareglur ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu* (e. Guidelines of the Committee of Ministers of the Council of Europe on child friendly justice). Þær eru aðgengilegar á vef Vitundarvakningar.<sup>16</sup> Leiðbeiningareglurnar fjalla um stöðu, sjónarmið, réttindi og þarfir barns við málsmeðferð fyrir dómi og við aðra sambærilega málsmeðferð. Þær eiga við um aðstæður þar sem líklegt er að börn hafi samskipti við stofnanir sem koma að framkvæmd refsilaga eða annarra laga á sviði einkaréttar eða stjórnslu. Með leiðbeiningareglunum er leitast við að tryggja að við sérhverja málsmeðferð verði réttindi barna virt að fullu, þar á meðal réttur til upplýsinga, fyrirsvars, þátttöku og verndar, að teknu tilliti til þroska og skilnings barns og eðlis viðkomandi máls. Tekið er mið af reglunum í ofangreindu fræðsluriti.

---

<sup>15</sup> Anni G. Haugen og Hrefna Friðriksdóttir. (2014). *Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarvörslukerfisins og réttarvernd barna. Ritröð Rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni nr. 2*. Reykjavík: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum og Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.

<sup>16</sup> Sjá *Leiðbeiningareglur ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu* hér: <http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Barnvinsamlegt-rettarkerfi-lokautgafa.pdf>



## 4. NÁMSKEIÐ OG RÁÐSTEFNUR

Hluti af fræðsluhlutverki Vitundarvakningar eru námskeiðahöld og ráðstefnur á grundvelli 5. gr. Lanzasotesamningsins sem kveður meðal annars á um vitundarvakningu fólks sem á samskipti við börn í starfi sínu og tryggingu þess að það hafi fullnægandi þekkingu á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Markmið fræðsluþinganna er að ná til einstaklinga sem starfa með börnum og veita þeim góðar og hagnýtar upplýsingar. Vitundarvakning stendur sömuleiðis fyrir námskeiðum samhliða útgáfu fræðsluefnis sem er sérstaklega ætlað starfsfólki innan réttarvörslukerfisins. Markmiðið þeirra er að kynna efnið og tryggja notkun þess. Í samvinnu við Námsgagnastofnun hélt Vitundarvakning námskeið á grundvelli Pestalozzi-áætlunar Evrópuráðsins um starfsþróun og þjálfun kennara. Á starfstíma Vitundarvakningar mættu fulltrúar verkefnisstjórnar sömuleiðis á ýmsar ráðstefnur og fundi þar sem störf Vitundarvakningar voru kynnt og verkefni hennar. Stuttmýndin *Fáðu já* hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og formaður Vitundarvakningar fór í þrígang erlendis sérstaklega til þess að kynna hana.

### 4.1 Fræðsluþing fagaðila 2012-2014

Vitundarvakning hélt átján fræðsluþing fyrir fagaðila um land allt á árunum 2012 til 2014.

Fræðsluþingin voru öllum opin en sérstaklega ætluð skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki grunn- og framhaldsskóla, forvarnafulltrúum, náms- og starfsráðgjöfum, þeim sem starfa við íþrótt- og æskulýðsmál, barnavernd, heilsugæslu og félagsþjónustu að ógleymdum sveitarstjórnnum og löggæslu.

Markmið fræðsluþinganna var að fræða þá aðila sem vinna með börnum um eðli og afleiðingar ofbeldis og veita þekkingu um rétt viðbrögð ef börn sýna þess merki að hafa orðið fyrir ofbeldi.

Fræðsluþing voru haldin í Grundarfirði og Neskaupsstað árið 2014. Árið 2013 voru þau haldin á Sauðárkróki, Akureyri, Suðurnesjum, Reyðarfirði, Höfn í Hornafirði, Akranesi, Ísafirði, Hvolsvelli, Hafnafirði og Reykjavík. Fræðsluþing árið 2012 voru haldin í Borgarnesi, Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Hvolsvelli og Ísafirði. Alls mættu rúmlega 1000 manns á fræðsluþing Vitundarvakningar.

Hvert og eitt fræðsluþing tók um það bil 4-5 klukkustundir. Nánari upplýsingar og upptökur af fyrirlesturum, svipmyndir, glærusýningar, afrakstur hópavinnu og annað tilfallandi efni frá fræðsluþingunum er aðgengilegt á vef Vitundarvakningar.<sup>17</sup>

### Mat á árangri fræðsluþinga

Vitundarvakning gerði matskönnun á árangri fræðsluþinga fagaðila á árunum 2012-2014. Niðurstöður benda til þess að árangur af þeim hafi verið talsverður. Svarendur voru almennt ánægðir með fræðsluþingin og töldu þau hafa nýst sér í

<sup>17</sup> Sjá hér: [www.vel.is/vitundarvakning/fraedsluthingVitundarvakningar/](http://www.vel.is/vitundarvakning/fraedsluthingVitundarvakningar/)

starfi, auk þess sem áhugi er fyrir því að mæta aftur á sambærilegt fræðsluþing. Ekki var marktækur munur á milli starfsstétta en svarendur voru flestir úr skólakerfinu.

#### **4.2 Kynlegt ferðalag – námskeið um kynjamennt**

Í mars 2014 héldu Vitundarvakning og Námsgagnastofnun námskeiðið *Kynlegt ferðalag - námskeið um kynjamennt* fyrir alla kennara á mið- og unglíngastigi grunnskóla. Námskeiðið byggir á grundvelli Pestalozzi-áætlunar Evrópuráðsins um starfsþróun og þjálfun kennara.<sup>18</sup> Þar gafst kennurum tækifæri til að reyna fjölbreyttar, skapandi og virkar aðferðir í námi og kennslu. Námskeiðið var haldið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og var þátttakendum að kostnaðarlausu.

Markmið námskeiðsins var að efla færni og sjálfstraust kennara til þess að innleiða kynjasjónarhorn í kennslu sína á opinn, virkan, jákvæðan og fordómalausan hátt, að kennarar hafi þekkingu á þáttum sem mikilvægt er að fjalla um í kynjamennt og geti yfirfært og þróað aðferðir og hugmyndir sem kynntar voru á námskeiðinu í sínu starfsumhverfi. Fjallað var um einkenni barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og hvernig beri að begðast við slíku.

#### **4.3 Námskeið um réttarvörslukerfið**

Í aðdraganda útgáfu fræðsluritsins *Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna*, í apríl 2013, stóðu RÁS og stjórn Vitundarvakningar fyrir námskeiði með lykilaðilum í málaflokknum til að fara yfir námsefnisdrögin og koma með athugasemdir og ábendingar. Þátttakendur komu meðal annars frá Barnahúsi, barnaverndarnefndum, Barnaspítala Hringsins, dómstólum, lögreglu, Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis og ríkissaksóknara sem og réttargæslumenn. Þátttakendum gafst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áherslum og athugasemdum um meðferð þessara mála innan réttarkerfisins, sem höfundar gátu nýtt sér við lokafrágang efnisins. Námskeiðið var haldið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Eftir útgáfu fræðsluritsins voru námskeið haldin fyrir fagaðila ofangreindra starfsstétta til þess að kynna ritið og fylgja því eftir. Námskeiðin voru fjögur talsins og haldin í Reykjavík, á Akyreyri og Egilsstöðum. Markmið þeirra var að skoða meðferð mála um kynferðisbrot gegn börnum og samvinnu aðila innan réttarkerfisins sem koma að meðferð þessara mála. Áhersla er lögð á gildandi löggjöf og þau meginsjónarmið sem ber að leggja til grundvallar við meðferð málanna. Fjallað er um helstu ákvæði *Barnasáttmálans*, *Lanzarotesamningsins* og *Leiðbeiningareglna Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu*.

---

<sup>18</sup> Ráðherranefnd Evrópuráðsins. (2011). *Leiðbeiningareglur ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu*. Evrópuráðið. Sótt af: [www.vel.is/media/vitundarvakning/Barnvinsamlegt-rettarkerfi-lokautgafa.pdf](http://www.vel.is/media/vitundarvakning/Barnvinsamlegt-rettarkerfi-lokautgafa.pdf)

#### 4.4 Kynningar erlendis

Í maí 2014 var formanni Vitundarvakningar og fulltrúum framleiðenda *Fáðu Já* boðið að flytja erindi á ráðstefnu samtakanna *Step by Step* og stjórnvalda í Króatíu um forvarnir gegn ofbeldi. Þar var starf Vitundarvakningar kynnt, einkum gerð stuttmynda sem fræðslumiðils.

Í desember 2013 flutti formaður erindi um framkvæmd Vitundarvakningar og verkefnið *Fáðu já* á ráðstefnunni *Preventing sexual abuse of children* í Madrid. Titill fyrirlestursins var "*Get a Yes - Explaining how and why Iceland made a short film about boundaries between sex and violence*".

Í mars 2013 var stuttmyndin *Fáðu já* kynnt á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York. Þar fór fastafulltrúi Íslands yfir átakið sem og leiðir til þess að takmarka aðgang að ofbeldisfullu klámi á netinu, íslenskar lagaheimildir til að vísa ofbeldismönnum af heimilum og framfylgd alþjóðlegra skuldbindinga á Íslandi.

Óskað hefur verið eftir tveggja daga málstofu í júní 2015 á vegum *The National Centre for Special Needs* og ráðuneytis menntamála og vísinda í Litháen. Þar verður farið yfir hugmyndafræði, starfsemi og afurðir Vitundarvakningar.

## 5. AUKIN SAMFÉLAGSVITUND

Vitundarvakning leggur áherslu á dreifingu og kynningu á verkefnum sínum. Þannig hafa stuttmyndir, fræðsluefni og upplýsingar sem miða að ákveðnum stofnunum eða starfsstéttum verið kynntar meðal almennings, með það að markmiði að vekja athygli á málaflokknum og stuðla að aukinni samfélagsumræðu um ofbeldi gegn börnum. Kynning var með þeim hætti að verkefni sem miðuðu að ákveðnum hópum voru nýtt á víðtækari hátt en ella.

Stuttmyndirnar *Fáðu já* og *Stattu með þér* eru fræðsluefni sem búið er til fyrir grunn- og framhaldsskóla en hlaut mikla athygli meðal almennings. Með öflugu kynningarstarfi og áherslu á rafrænt aðgengi náði Vitundarvakning eyrum og augum almennings. Í kjölfar beggja stuttmyndanna fór töluverð umræða tengd málaflokknum af stað í fjölmiðlum. Dæmi um fjölmiðlaumfjöllun í kringum *Fáðu já* og *Stattu með þér* er að finna í viðauka II.

### 5.1 Póstkortíð „Það gæti verið þú sem hjálpar“

Tilkynningaskylda um ofbeldi var sérstaklega áréttuð í póstkorti til landsmanna sem var dreift á öll heimili í mars 2013. Markmiðið var að minna almenning á þá skyldu fólks að tilkynna til barnaverndar ef grunur vaknar um að barn búi við ofbeldi eða misnotkun. Póstkortíð var undirritað af fjórum ráðherrum. Stefán Einarsson sá um hönnun þess.



## 6. YFIRLIT OG SAMANTEKTIR

Við upphaf starfsemi Vitundarvakningar var unnið yfirlit yfir verkefni á verksviðum ráðuneyta sem tengjast kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum. Yfirlitið var unnið fyrir mótun og þróun verkefna til þess að tryggja að störf Vitundarvakningar beindust að þeim sviðum þar sem þörfin væri mest. Á þeim grunni vann verkefnisstjórn áfram með yfirlitið og gerði samantekt með það að markmiði að auðvelda aðgengi að fræðsluefni og veita yfirsýn yfir stofnanir.

Eftirfarandi yfirlit eru til staðar á vef Vitundarvakningar:

- Samantekt á fyrirliggjandi fræðsluefni (bækur, rit, kennsluefni og skýrslur) um kynferðisleg, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum.
- Yfirlit yfir stjórnvöld, félagasamtök og hópa sem tengjast kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum.

## 7. MAT Á ÁRANGRI

Vitundarvakning lagði áherslu á eftirfylgni stærstu verkefna sinna með rannsóknum og matskönnun til að fylgjast með árangri starfsins og móta æskilegan farveg fyrir úrbætur og ný verkefni. Vitundarvakning veitti styrki til rannsóknar á árangri brúðusýningarinnar *Krakkarnir í hverfinu* og stuttmyndarinnar *Fáðu Já* og framkvæmdi matskönnun á árangri *fræðsluþinga fagaðila*.

### 7.1 Rannsókn á árangri brúðuleikhússins *Krakkarnir í hverfinu*

Í mars 2013 veitti Vitundarvakning Rannsóknarstofu í barna- og æskulýðsfræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands (BÆR) verkefnastyrk til rannsóknar vegna leiksýninga á *Krakkarnir í hverfinu* eftir að Vitundarvakning hóf að sýna hana markvisst í grunnskólum landsins. BÆR fékk Guðrúnu Eddu Bjarnadóttur til þess að vinna rannsóknina, sem ber heitið *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðfer: átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum*. Niðurstöður lágu fyrir í júní 2014. Áður hafði Blátt áfram falið *Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við félagsvísindasvið HÍ* (RBF) að meta árangur brúðuleikhússins.

Niðurstöður beggja rannsókna benda til þess að *Krakkarnir í hverfinu* hafi áhrif á skólasamfélagið, sýningin gefi börnum tækifæri til þess að tjá sig um ofbeldi sem þau verða fyrir og fram kemur að í beinu framhaldi af sýningunum hafi tugir mála verið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda vegna gruns um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi.

Sjá nánar um niðurstöður rannsókna og umræður um þær í viðauka I.

### 7.2 Rannsókn á árangri stuttmyndarinnar *Fáðu Já*

Vitundarvakning lét, í samvinnu við SAFT (*Samfélag, fjölskylda og tækni*), kanna áhorf unglunga í 10. bekk á stuttmyndinni *Fáðu já*. Auk þess voru áhrif myndarinnar og viðhorf unglunga til hennar könnuð. Rannsóknin er meginleg og var framkvæmd frá mars til júní árið 2013. Haft var samband við 1500 foreldra barna á aldrinum 10-16 ára með tölvupósti þar sem þeim var kynnt könnunin með ítarlegum hætti og óskað eftir þátttöku þeirra og barna þeirra. Svarhlutfall var 64%.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að nær allir unglingar í 10. bekk höfðu séð stuttmyndina, eða um 95% nemenda. Tveir af hverjum þremur strákum og stelpum (66,0% nemenda) finnst þau skilja betur en áður hver munurinn er á kynlífi í raunveruleikanum og kynlífi sem sýnt er í kvikmyndum eða klámi. Meirihluti unglunga (70,4%) finnst þeir skilja betur en áður hvað það þýðir að fá samþykki fyrir kynlífi eftir að þeir höfðu horft á myndina. Tæplega helmingur unglunga (44,1%) telja það vera auðveldara að tala um kynlíf við þann sem þau langar að stunda kynlíf með en áður en þau sáu *Fáðu já*, eða 58,0% stráka og 34,0% stelpna. Niðurstöður benda til þess að skilaboð stuttmyndarinnar hafi komast til skila og ýti undir mikilvægi þess að ungt fólk fái fræðslu um mörkin milli kynlífs og ofbeldis.

### 7.3 Matskönnun á árangri fræðsluþinga Vitundarvakningar.

Vitundarvakning framkvæmdi matskönnun á árangri fræðsluþinga fagaðila á árunum 2012-2014. Spurningalisti var sendur á tengiliðanet Vitundarvakningar, sem taldi 1385 manns (sjá umfjöllun um *tengiliðanet Vitundarvakningar* á bls. 19). Gert er ráð fyrir að flestir sem mættu á fræðsluþingin á árunum 2012-2014 séu á þeim netfangalista en gestir voru alls 1030 manns. Af þessum ástæðum er erfitt að fullyrða um svarhlutfall en hægt er að áætla gróflega: 451 svöruðu matskönnuninni sem er 41% svarhlutfall. Stærstur hluti svarenda voru fulltrúar frá leik- grunn- og framhaldsskólum, 339 manns eða 75,2%. Fulltrúar frá heilbrigðiskerfinu, barnavernd og félagsþjónustu voru samtals 12,4% svarenda og 6% svarenda mættu á eigin vegum, eða 29 talsins. Aðeins eitt svar barst frá fulltrúa úr réttarvörslukerfinu og skýringa má rekja til þess að spurningalistann hafði ekki verið hægt að opna innan þess hugbúnaðar sem notaður er hjá lögreglunni.

Niðurstöður benda til þess að árangur af fræðsluþingum Vitundarvakningar sé mjög góður. Stærstur hluti svarenda mátu sem svo að fræðsluþingin hefðu gagnast þeim *frekar vel eða mjög vel* í starfi, eða 82,4% svarenda. Ekki var marktækur munur á milli starfsstétta. Tveir svarendur töldu að fræðsluþingin hefðu gagnast þeim frekar illa eða mjög illa í starfi. Þeir svarendum sem svöruðu *hvorki né* voru 17% og komu hlutfallslega flestir þeirra úr hópnum „annað“ þegar spurt var á hvaða sviði viðkomandi starfar. Niðurstöður benda til þess að æskilegt væri að halda fleiri sambærileg fræðsluþing en 83% sögðust mundu mæta aftur.

Fræðsluþingið byggði á fimm efnisþáttum og svarendur merktu við þá fræðslu sem nýttist þeim mjög vel og/eða frekar vel í starfi. Hægt var að haka við fleiri en einn efnisþátt. Niðurstöður benda til að málstofa um *Einkenni þolenda kynferðisbrots* hafi gagnast flestum vel, eða 62% svarenda. Næst á eftir henni koma málstofurnar *Fáðu já og annað fræðsluefni* (54%), *Skadleg hegðun barna og klám* (46%) og *Réttindafræðsla fyrir börn sem forvörn gegn ofbeldi* (43%). Ljóst er að svarendur voru almennt ánægðir með fræðsluþing Vitundarvakningar og telja það hafa nýst sér í starfi auk þess sem áhugi er fyrir því að mæta aftur á sambærilegt fræðsluþing.





## HEIMILDASKRÁ

- Anni G. Haugen og Hrefna Friðriksdóttir. (2014). Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarvörslukerfisins og réttarvernd barna. *Ritröð Rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumáefni, ritröð II*. Reykjavík: Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum og Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.
- Elísabet Karlsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnaldsdóttir. (2014). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum: Brúðuleikhús sem forvarnarfræðsla í skólum, mat kennara. *Ritröð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar, ritröð VII*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Evrópuráðið. (2007). *Evrópuráðssamningur um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum*. Lanzarote: Evrópuráðið. Sótt 01.12.2014 af: [http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Evropuradssamningur\\_um\\_varnir\\_gegn\\_brotum\\_a\\_bornum.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Evropuradssamningur_um_varnir_gegn_brotum_a_bornum.pdf)
- Forsætisráðuneytið. (2013). *Samráðshópur forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn*. Sótt 01.12.2014 af: <http://www.forsætisraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla-urraedi-fyrir-tholendur-kynferdisbrota.pdf>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2012). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd*. Reykjavík: Barnaverndarstofa. Sótt 01.12.2014 af: <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Pall--28.12.12.pdf>
- Guðrún Edda Barnadóttir. (2014). *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð: átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christianssen. (2014). *Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla*. Reykjavík: Vitundarvakning um kynferðislegt, líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn börnum og Námsgagnastofnun.
- Hagstofan Íslands (2014). *Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998-2013*. Sótt 01.12.2014 af: <http://hagstofa.is/>
- Háskóli Íslands. (Júní, 2014). *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð*. Sótt 01.12.2014 af: [http://www.hi.is/frettir/bruduleikhus\\_sem\\_namstaeki\\_og\\_frasagnaradferd](http://www.hi.is/frettir/bruduleikhus_sem_namstaeki_og_frasagnaradferd)
- Halla Björk Marteinsdóttir. (2014). *Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2012-2013*. Reykjavík: Barnaverndarstofa. Sótt 01.12.2014 af: [http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Barnaverndarstofa\\_2012-2013.pdf](http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Barnaverndarstofa_2012-2013.pdf)

Innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti. (2014). *Samstarfsyfirlýsing um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess*. Sótt 18.12.2014 af: <http://www.velferðarraduneyti.is/media/frettatengt-2014/Samstarfsyfirlýsing-15.12.2014.pdf>

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun) nr. 58/2012.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2014). *Handbók um öryggi barna og velferð í leikskólum*. Sótt 01.12.2014 af: [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/Oryggishanbok\\_leikskola\\_2014.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2014/Oryggishanbok_leikskola_2014.pdf)

Ráðherranefnd Evrópuráðsins. (2011). *Leiðbeiningareglur ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu*. Evrópuráðið. Sótt 01.12.2014 af: <http://www.velferðarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Barnvinsamlegt-rettarkerfi-lokautgafa.pdf>

UNICEF á Íslandi. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir*. Sótt 01.12.2014 af: [https://www.unicef.is/wp-content/uploads/skyrslur/UNICEF\\_rettindi\\_barna\\_ofbeldi\\_og\\_forvarnir.pdf](https://www.unicef.is/wp-content/uploads/skyrslur/UNICEF_rettindi_barna_ofbeldi_og_forvarnir.pdf)

UNICEF á Íslandi. (2011). *Staða barna á Íslandi 2011*. Sótt 01.12.2014 af: [https://www.unicef.is/efni/skyrslur/UNICEF\\_stada\\_barna\\_a\\_islandi\\_2011.pdf](https://www.unicef.is/efni/skyrslur/UNICEF_stada_barna_a_islandi_2011.pdf)

## Viðauki I: Niðurstöður rannsókna á brúðuleikritinu *Krakkarnir í hverfinu*

Tvær rannsóknir voru framkvæmdar á árunum 2013 og 2014 þar sem árangur af sýningum á *Krakkarnir í hverfinu* hér á landi var metinn. Annars vegar rannsókn sem framkvæmd var af *Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd* fyrir Blátt áfram og hins vegar rannsókn sem framkvæmd var af *Rannsóknarstofnu í barna- og æskulýðsfræðum* fyrir Vitundarvakningu. Rannsóknirnar sýna að brúðuleikritið hefur reynst hvetjandi fyrir börn til að greina frá ofbeldi og auðvelað skólafólki að bregðast við og beina málum þeirra í réttan farveg. Jafnframt sýna rannsóknirnar að kennarar kalla eftir meiri fræðslu um ábyrgð sína og æskileg viðbrögð í kjölfar þess að upp kemst um ofbeldi á börnum. Þá kom fram að félagsþjónusta og barnaverndanefndir þurfa að vera markvissari í að senda fulltrúa á sýningar. Niðurstöður sýna að bréf verkefnisstjórnar til skólastjórnenda, þar sem hvatt er til viðveru fagfólks, þar árangur.

### Rannsókn framkvæmd af RBF

Í byrjun árs 2012 fólu samtökin Blátt áfram *Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd* (RBF) að meta árangur brúðuleikhússins *Krakkarnir í hverfinu*. Rannsóknin var unnin af Elísabetu Karlsdóttur, Guðnýju Bergþóru Tryggvadóttur og Ásdísi Aðalbjörgu Arnaldsdóttur. Niðurstöður voru gefnar út í 7. hefti *Ritröðar um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar*, árið 2014.<sup>19</sup>

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna hvort brúðuleikhúsið hefur skapað aukna umræðu um ofbeldi í skólum og hvort sýningin hafi orðið til þess að auka þekkingu kennara á einkennum kynferðisofbeldis á þeim árum sem hún hefur verið sýnd, á vegum Blátt áfram frá 2005 til 2011 og Vitundarvakningu frá 2012 til 2014. Rannsóknin er meginindleg og byggir á spurningarlista sem öllum umsjónarkennurum barna í öðrum bekk var sendur, svarhlutfall var um 68%.

Næstum allir þátttakendur voru frekar eða mjög ánægðir (98%) með sýninguna *Krakkarnir í hverfinu*. Mat kennara á eigin þekkingu á því hversu vel þeir þekkja einkennum ofbeldis eftir sýninguna sýnir að yfir helmingur þeirra telur sig frekar eða mjög vel í stakk búinn til þess að bregðast rétt við ef barn sem þeir kenna hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þeir kennarar sem höfðu fengið aðra fræðslu en brúðuleikhúsið treystu sér betur til þess að bregðast rétt við grun um ofbeldi en þeir kennarar sem höfðu ekki fengið neina fræðslu. Í níu tilfellum vaknaði grunur um að barn eða börn hefðu mátt þola kynferðislegt ofbeldi og varðaði það samtals 16 börn. Misjafnt var hvernig grunur vaknaði en algengast var breytt hegðun barnsins á meðan á sýningu stóð eða barnið segði brúðunum frá.

Rannsakendur draga þá ályktun af niðurstöðum að sýningin *Krakkarnir í hverfinu* sé góður valkostur í forvarnafræðslu inn í skóla. Sýningin skili sér í betri þekkingu til kennara á einkennum barna sem beitt hafa verið ofbeldi, hjálpi þeim að beita

<sup>19</sup> Elísabet Karlsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnaldsdóttir. (2014). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum: Brúðuleikhús sem forvarnarfræðsla í skólum, mat kennara. *Ritröð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar, ritröð VII*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd,

réttum aðferðum ef upp kemur grunur eða víska um að barn hafi verið beitt ofbeldi. Sýningin hvetji kennara einnig til þess að leita sér upplýsinga um viðbragðsáætlanir skóla og eykur þar með notagildi þeirra.

### Rannsókn framkvæmd af BÆR

Í mars 2013 veitti Vitundarvakning *Rannsóknarstofu í barna- og æskulýðsfræðum* (BÆR) verkefnastyrk til rannsókna og eftirfylgni vegna leiksýninga á *Krökkunum í hverfinu*, eftir að Vitundarvakning hóf að sýna hana markvisst í öllum grunnskólum landsins. BÆR fékk Guðrúnu Eddu Bjarnadóttur til þess að vinna rannsóknina undir leiðsögn Berglindar Rósar Magnúsdóttur, lektors á menntavísindasviði HÍ. Rannsóknin er jafnframt lokaverkefni Guðrúnar Eddu í Uppeldis- og menntunarfræði við HÍ og ber heitið *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð: átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum*. Niðurstöður lágu fyrir í júní 2014.<sup>20</sup>

Rannsóknin er eigindleg og gögnum aflað annars vegar með viðtali við leikstjóra Brúðuleikhússins og hins vegar með úrvinnslu matsblaða sem brúðuleikstjórar hafa fyllt út eftir sýningar. Rannsóknin afmarkast við ársbyrjun 2012, eftir að Vitundarvakning tók við verkefninu og sýningar hófust markvisst í öllum grunnskólum landsins. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif brúðusýningarinnar á kennara og nemendur og hvernig þjónustukerfi barnaverndar í heild sinni vinnur með skólum þegar upp koma mál sem tengjast ofbeldi. Niðurstöður benda til þess að *Krakkarnir í hverfinu* hafi áhrif á skólasamfélagið. Hún gefi börnum tækifæri til þess að tjá sig um ofbeldi sem þau verða fyrir og í beinu framhaldi af sýningunum hafa tugir mála verið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda vegna gruns um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi.

Unnið var úr gögnum sem safnað hefur verið frá byrjun árs 2012 og til loka árs 2013. Alls voru sýningarnar 208 talsins á þessum árum og 7055 börn sáu sýninguna. Á 98 sýningum (47%) var barn eða börn sem breyttu hegðun sinni á meðan á sýningunni stóð. Með breyttri hegðun er átt við að barn fór að gráta á meðan sýningu stóð, leið augljóslega illa eða sýndi óvenju mikil svipbrigði.

Á matsblöðum brúðuleikara kom fram að alls 70 börn sögðu frá því á sýningunum að þau hefðu orðið vitni að heimilisofbeldi. Grunur um líkamlegt ofbeldi kom upp hjá 145 börnum. Mjög algengt var að það kæmi kennurum í opna skjöldu að barn hefði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi þar sem enga áverka var hægt að sjá á þeim börnum.

Grunur um kynferðislegt ofbeldi þar sem börn sögðu frá því að hafa lent í sömu aðstæðum og brúðurnar í sýningunni kom 37 sinnum fyrir. Sem dæmi má nefna: „Stúlka sem sagði að hún hefði lent í því sama og Jóhanna“ (sem er brúða í sýningunni).<sup>21</sup>

<sup>20</sup> Guðrún Edda Barnadóttir. (2014). *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð: átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

<sup>21</sup> Guðrún Edda Bjarnadóttir, 2014, bls. 35.

Grunur um andlegt ofbeldi hjá börnum kom fram í 16 tilvikum. Sem dæmi má nefna: „Annar drengur sagði frá að pabbi sinn væri alltaf að segja við sig að hann væri vitlaus og hálfviti og svo framvegis. Hann sagði líka að afi sinn væri oft að beita hann andlegu ofbeldi“.<sup>22</sup>

Grunur um vanrækslu kom aðeins fram í 9 tilvikum. Sem dæmi má nefna „Önnur stúlka talaði um að hún væri oft ein heima en það væri allt í lagi. Kennarinn talaði um að það hefði komið fram að hún þyrfti að sækja systkini sín á leikskólann bara 6 ára gömul“.<sup>23</sup>

Í rannsókninni kemur fram að kennarar voru almennt jákvæðir gagnvart sýningunni en nokkuð var um að þeim fannst skortur á samvinnu milli skóla, félagsþjónustu og barnaverndar. Niðurstöður benda einnig til þess að eftirfylgni innan skólans eftir að barn hefur sagt frá ofbeldi í kjölfar sýningarinnar er ábótavant og meiri hætta er á að eftirfylgni skorti í minni bæjarfélögum.

Á öllum sýningunum nema þremur var bekkjarkennari viðstaddur ásamt námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi eða sérkennara. Fulltrúi barnaverndar var hins vegar aðeins viðstaddur um helming þeirra sýninga sem sýndar voru árið 2012 og 2013. Af rannsóknargögnum má greina að breytingar hafa átt sér stað frá byrjun verkefnisins með aukinni aðkomu barnaverndar og félagsþjónustu eftir að sýningar á vegum Vitundarvakningar hófust.

Í niðurstöðum kemur einnig fram að kennarar voru óruggir um hvernig þeir ættu að bregðast við ef barn segði frá því að hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi. Að mati kennaranna hefðu þeir viljað fá betri leiðsögn um möguleg einkenni barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi fyrir sýninguna, svo þeir yrðu meðvitaðri um rétt viðbrögð. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar BÆR sem stiklað er á hér að ofan.

Óhætt er að segja að sýningin skilar árangri í að hvetja börn til þess að segja frá og/eða koma brotunum upp á yfirborðið en fræðsla til kennara þarf að vera markvissari og aðkoma barnaverndar og félagsþjónustu þarf að vera meiri.

Höfundur rannsóknarinnar hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar vorið 2014 fyrir rannsókn sína um brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð.<sup>24</sup>

---

<sup>22</sup> Guðrún Edda Bjarnadóttir, 2014, bls. 36.

<sup>23</sup> Guðrún Edda Bjarnadóttir, 2014, bls. 37.

<sup>24</sup> Háskóli Íslands. (júní, 2014). *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð*. Sótt 01.12.2014 af: [http://www.hi.is/frettir/bruduleikhus\\_sem\\_namstaeki\\_og\\_frasagnaradferd](http://www.hi.is/frettir/bruduleikhus_sem_namstaeki_og_frasagnaradferd)

## Umræður um niðurstöður rannsókna

Gagnasöfnun fyrir ofangreindar rannsóknir hófust annars vegar áður en Vitundarvakning var sett á fót og hins vegar á meðan á starfi hennar stóð. Óöryggi kennara og annars starfsfólks skóla þegar kemur að þekkingu á einkennum ofbeldis og réttum viðbrögðum eftir að upp kemst um brot sýna að afar mikilvægt er að halda uppi forvarna- og fræðslustarfi fyrir þennan hóp. Æskilegt er að það fari fram samhliða réttindafræðslu barna á borð við *Krakkarnir í hverfinu*, þar sem niðurstöður sýna að fjölmörg tilfelli koma upp í slíkri fræðslu og mikilvægt er að kennarar séu í stakk búnir til þess að bregðast við.

Eftir sýningar á brúðuleikritinu halda leikstjórar fundi með skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem viðstaddir eru sýninguna með það að markmiði að tryggja eftirfylgni. Kennarar virðast ekki hafa nýtt sér þá fundi sem skyldi og ætla má að fjarvera fulltrúa frá barnaverndarnefndum og félagsþjónustu hafi haft áhrif. Vaxandi viðvera fulltrúa eftir að Vitundarvakning tók við verkefninu sýnir þó að þrýstingur Vitundarvakningar á að fulltrúar frá stofnunum mæti reyndist árangursríkur.

Í ljósi þess að starfsfólk skóla skorti fræðsluefni um einkenni barna sem verða fyrir ofbeldi og leiðir til þess að bregðast við því gerði Vitundarvakning samning við Námsgagnastofnun um gerð fræðsluefnis sérstaklega ætlað kennurum. Á starfstíma sínum stóð Vitundarvakning sömuleiðis að fræðslu fyrir kennara og annað starfsfólk skóla. Námskeið um kynjamennt í samvinnu við Námsgagnastofnun var haldið sem meðal annars var lögð áhersla á fræðslu um einkenni barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og leiðir til þess að bregðast við því.

## Viðauki II: Fjölmiðlaumfjöllun

### Dæmi um fjölmiðlaumfjöllun um *Fáðu já*

Vefur *Fáðu já*: [www.vel.is/faduja](http://www.vel.is/faduja)

Facebook síða *Fáðu já*: <https://www.facebook.com/faduja.is>

Vísir.is - Ísland í dag, 30. janúar 2013. *Umfjöllun um frumsýningardag Fáðu já*. Sjá: <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=SRCA0EEC1E4-6298-4BF3-A1B9-C119D222DC73>

Rúv.is – Síðdegisúttvarpið, 30. janúar 2013. *Fáðu já fellur í góðan jarðveg*. Sjá: <http://www.ruv.is/mannlif/„fadu-ja“-fellur-i-godan-jardveg>

Dv.is, 1. febrúar 2013. *Tanja: „Kynlíf á að vera unadslegt“*. Sjá: <http://www.dv.is/menning/2013/2/1/tanja-kynlif-ad-vera-unadslegt/>

Icelandreview.com, 4. febrúar 2013. *Wait for yes*. Sjá: <http://www.icelandreview.com/stuff/views/2013/02/04/wait-yes-jb>

Rúv.is, 5. febrúar 2013. *Fáðu já*. Sjá: <http://www.ruv.is/hvad-er-malid/fadu-ja>

Vísir.is, 15. mars 2013. *Fáðu já vinnur til verðlauna í Tallin*. Sjá: <http://www.visir.is/fadu-ja-vinnur-til-verdlauna-i-tallin/article/2013130319284>

Free thought blogs, 13. júlí 2013. *Terrific Icelandic Film on Sexual Consent (plus interview with filmmakers)*. Sjá: <http://freethoughtblogs.com/nirmukta/2013/07/13/terrific-icelandic-film-on-sexual-consent/>

Gravevine.is, 2. ágúst 2013. *Get Consent*. Sjá: <http://grapevine.is/mag/articles/2013/08/02/get-consent/>

Mbl.is, 16. nóvember 2013. *Auðveldara að ræða um kynlíf*. Sjá: [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/11/16/audveldara\\_ad\\_raeda\\_um\\_kynlif/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/11/16/audveldara_ad_raeda_um_kynlif/)

Sociological cinema, 24. nóvember 2013. *Discussing Sex and Preventing Sexual Violence*. Sjá: <http://www.thesociologicalcinema.com/videos/discussing-sex-and-preventing-sexual-violence>

## Dæmi um fjölmiðlaumfjöllun um *Stattu með þér*

Mbl.is, 6. október 2014. *Skorað á „fáklæddu poppsöngkonuna“*. Sjá: <http://www.mbl.is/frettir/sjonvarp/123825/>

Rúv.is, 6. október 2014. *Börn standi með sjálfum sér gegn ofbeldi*. Sjá: <http://www.ruv.is/frett/born-standi-med-sjalfum-ser-gegn-ofbeldi>

Vísir.is, 6. október 2014. *Fullt hús á íslenskri forvarnarmynd*. Sjá: <http://www.visir.is/fullt-hus-a-islenskri-forvarnarmynd/article/2014141009258>

Vísir.is, 6. október 2014. *Forvarnarmyndin Stattu með þér væntanleg í alla grunnskóla*. Sjá: <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTVB8E64901-2C9C-47CB-A294-8DE16D49F0AE>

Vísir.is, 6. október 2014. *Fræða börnin áður en þau byrja að skoða klám*. Sjá: <http://www.visir.is/fraeda-bornin-adur-en-thau-byrja-ad-skoda-klam/article/2014141009295>

Dv.is, 7. október 2014. *Fyrsta íslenska stuttmyndin um ofbeldi frumsýnd á fimmtudag*. Sjá: <http://www.dv.is/folk/2014/10/7/fyrsta-islenska-forvarnamyndin-gegn-ofbeldi-frumsynd-fimmtudag/>

Kvennablaðið.is, 7. október 2014. *Stattu með þér*. Sjá: <http://kvennabladid.is/2014/10/07/stattu-med-ther/>

Rúv.is – Kastljós, 7. október 2014. *Spornað gegn klámvæðingu*. Sjá: <http://www.ruv.is/ruv/spornad-gegn-klamvaedingu>

Knú.is, 10. október 2014. *Stattu með þér! – gagnrýni frá þremur sjónarhornum*. Sjá: <http://knuz.is/2014/10/10/stattu-med-ther-gagnryni-fra-thremur-sjonarhornum/>

Vísir.is – Ísland í dag, 13. október 2014. *Hvetja börn til að standa með sjálfum sér*. Sjá: <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTV8DC4BA6E-AC12-4A83-A6A8-637DBDBEA4AE>



## Viðauki III: Fyrirliggjandi forvarna- og fræðsluefni

### Leikskólastig og yngsta stig grunnskóla

#### ***Krakkarnir í hverfinu (fræðslusýning)***

Brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu* er fræðslusýning fyrir börn sem tekur á ofbeldi gegn börnum. Markmið sýningarinnar er að opna umræðu um ofbeldi meðal barna og veita þeim styrk til þess að leita sér aðstoðar ef þess er þörf auk vitneskju um hvert þau geti leitað og við hvern þau geti rætt. Sjá: [www.vel.is/vitundarvakning/fraedsluefni/nr/33531](http://www.vel.is/vitundarvakning/fraedsluefni/nr/33531)

#### ***Leiðin áfram (fræðslumyndbönd)***

*Leiðin áfram* er heiti tveggja fræðslumynda um réttarvörslukerfið fyrir þolendur kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra. Önnur er ætlað þolendum yngri en fimmtán ára og hin er ætluð þolendum eldri en fimmtán ára. Myndirnar eru táknmálstúlkaðar á íslensku og textaðar á sex erlend tungumál. *Leiðin áfram* er gefin út af Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum (2015). Sjá: [www.leidinafram.is](http://www.leidinafram.is)

#### ***Leyndarmálið: segjum nei, segjum frá (fræðslumyndband)***

Teiknimyndin *Leyndarmálið, segum frá* er forvarnafræðsla um ofbeldi fyrir ung börn. Teiknimyndinni fylgja kennsluleiðbeiningar. Hún var send öllum grunnskólum landsins vorið 2011 þeim að kostnaðarlausu. Fræðsluefnið er á vegum samtakanna Réttindi barna. Sjá: [www.eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4355/7423\\_view-4091/](http://www.eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4355/7423_view-4091/)

#### ***Þetta er líkaminn minn (námsefni)***

Bókin *Þetta er líkaminn minn* er skrifuð til leiðbeiningar fyrir samræður við ung börn um ofbeldi. Hún er gefin út af Barnaheillum (2011) og nýtt í forvarnastarf í skólaheilsugæslunni. Sjá: [www.barnaheill.is/Utgafa/Fraedsluefni/](http://www.barnaheill.is/Utgafa/Fraedsluefni/)

- Meira um forvarnastarf í tengslum við *Þetta er líkaminn minn*:

##### **4ra ára skoðun í heilsugæslu**

Hjúkrunarfræðingur ræðir um bæklinginn við foreldra.

##### **6 ára börn í grunnskóla**

Forvarnafræðslan *Þetta er líkaminn minn*. Fræðslan er framkvæmd í sex manna hópum á skólatíma og tekur 40 mínútur. Foreldrum eru send bréf að lokinni fræðslu. Til að geta notað efnið þarf hjúkrunarfræðingur að sækja leiðbeinendanámskeið sem allt að 127 hjúkrunarfræðingar alls staðar af landinu hafa sótt.

#### ***Vinir Zippy (námsefni)***

*Vinir Zippy* er geðræktarnámsefni fyrir 5-7 ára börn. Í námsefninu er leitast við að kenna börnum að ráða fram úr erfiðleikum sem þau mæta í daglegu lífi, að bera kennsl á og tala um tilfinningar sem þau bera í brjósti og kanna færar leiðir til að kljást við tilfinningar sínar. Námsefnið er ekki síður samið með það fyrir augum að hvetja börn til þess að aðstoða aðra sem eiga við vanda að stríða. *Vinir Zippy* er

gefið út af Embætti landlæknis (2005). Sjá handbók um námsefnið:  
[www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10858/Handbok\\_um\\_namsefnid\\_\(kynningarbaklingur\).pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10858/Handbok_um_namsefnid_(kynningarbaklingur).pdf)

### ***Vinátta (verkefni)***

Verkefnið *Vinátta* er forvarnaverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Um er að ræða tösku sem inniheldur nemendaefni og kennsluleiðbeiningar fyrir starfsfólk auk efnis til að nota með foreldrum. Starfsfólk fær fræðslu og þjálfun til að nota efnið. Hægt er að flétta vinnu með *Vinátta* inn í flesta vinnu og námssvið leikskólans þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttum vinnubrögðum, svo sem hlustun, umræðum, tjáningu í leik, tónlist og hreyfingu úti sem inni. *Vinátta* er á vegum Barnaheilla (2014). Sjá:  
[www.barnaheill.is/Vinatta](http://www.barnaheill.is/Vinatta)

## Yngsta stig - miðstig grunnskóla

### ***Litli-kompás (handbók)***

Handbókin *Litli-Kompás* inniheldur mannréttindamenntun fyrir börn á aldrinum 6-13 ára. Hún er ætluð þeim sem starfa í skólum eða með börnum og unglingum á vettvangi félags-, æskulýðs- og tómstundastarfs. Í bókinni er að finna raunhæfar hugmyndir og hagnýt verkefni sem ætlað er að virkja og vekja jákvæða vitund ungs fólks um mannréttindi. Handbókin er gefin út af mennta- og menningamálaráðuneytinu og Námsgagnastofnun (2014). Sjá:  
[www.menntamalaraduneyti.is/ithrottaogeskulydsmal/kompas/](http://www.menntamalaraduneyti.is/ithrottaogeskulydsmal/kompas/)

### ***Einkastaðir líkamans (handbók)***

Handókin *Einkastaðir líkamans* fjallar um líkamann, um einkastaði hans og hvernig mörk eru sett. Henni er ætlað að gefa fullorðnum hugmyndir um hvernig nálgast megi umræðuna um þessi mál við börn á aldrinum 5-12 ára. *Einkastaðir líkamans* er gefin út af Forlaginu (2014).

## Miðstig grunnskóla

### ***Stattu með þér (námsefni)***

Stuttmyndin *Stattu með þér* sem ætluð er 10-12 ára börnum fjallar um sjálfsvirðingu, ofbeldi og að setja mörk. *Stattu með þér* er textuð á sex tungumál og er þannig aðgengileg unglingum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra, sem og heyrnarskertum Íslendingum. Stuttmyndinni fylgja kennsluleiðbeiningar og nýtast þær jafnframt sem fræðsla fyrir fullorðna um hvernig nálgast megi umræðu við börn um þessi mál. *Stattu með þér* er gefin út af Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum (2014). Sjá:  
[www.vel.is/stattumedther](http://www.vel.is/stattumedther)

## Miðstig – efsta stig grunnskóla

### ***Kynfræðsluvefurinn (vefsíða)***

Fræðslu- og námsvefur á vegum Námsgagnastofnunar þar sem fjallað er á skýran og myndrænan hátt um helstu atriði í tengslum við kynþroska, kynlíf og kynheilbrigði. Vefurinn er myndskreyttur með skýringamyndum og hreyfimyndum. Textinn er raddsettur svo hægt er að velja hlustun. Sjá: <http://www1.nams.is/kyn/index.php>

## Efsta stig grunnskóla - framhaldskóli

### ***Fáðu já (námsefni)***

*Fáðu já* er stuttmynd fyrir unglunga um mörk kynlífs og ofbeldis. Hún er textuð á sjö tungumál og er þannig aðgengileg unglungum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra, sem og heyrnarskertum Íslendingum. Stuttmyndinni fylgja kennsluleiðbeiningar og nýttast þær jafnframt sem fræðsla fyrir fullorðna um hvernig nálgast megi umræðuna um þessi mál við unglunga. *Fáðu já* er gefin út af Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum (2013). Sjá: [www.vel.is/faduja](http://www.vel.is/faduja)

### ***Kynungabók (námsefni)***

*Kynungabók* er námsefni um jafnrétti kynja fyrir ungt fólk, einkum 15-25 ára ungmenni. Markmið með útgáfu hennar er að veita raunsæja mynd af stöðu kynjanna í samfélaginu og vekja ungt fólk til umhugsunar um hvernig mismunandi mótun kynja út frá menningu, umhverfi og tíma hefur áhrif á líf ungs fólks. Í bókinni eru hnitmiðaðar upplýsingar úr rannsóknum, gagnagrunnum, lögum og reglugerðum. *Kynungabók* er gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneyti (2010, uppfærð á vef 2014). Sjá: [www.menntamalaraduneyti.is/kynungabok/](http://www.menntamalaraduneyti.is/kynungabok/)

### ***Leiðin áfram (fræðslumyndbönd)***

*Leiðin áfram* er heiti tveggja fræðslumynda um réttarvörsluferfið fyrir þolendur kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra. Önnur er ætlað þolendum yngri en fimmtán ára og hin er ætluð þolendum eldri en fimmtán ára. Myndirnar eru táknmálstúlkaðar á íslensku og textaðar á sex erlendum tungumál. *Leiðin áfram* er gefin út af Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum (2015). Sjá: [www.leidinafram.is](http://www.leidinafram.is)

### ***Áfallaviðbrögð við kynferðisofbeldi (bæklingur)***

Bæklingurinn *Áfallaviðbrögð við kynferðisofbeldi* veitir þolendum kynferðisofbeldis og aðstandendum þeirra upplýsingar um algeng viðbrögð við ofbeldi og leiðir til að takast á við þau. Hann er gefinn út af Neyðarmóttöku vegna kynferðislegs ofbeldis og Embætti landlæknis (2012) og er dreift á heilsugæslustöðvar um land allt og víðar.

### ***Tölum saman (bæklingur)***

Fræðslubæklingar um kynlíf og kynhegðun unglunga sem gefnir eru út af gömlu Lýðheilsustöð, nú Embætti landslæknis (2006). Bæklingarnir heita *Kynlíf* –

unglinga ætlaður unglíngum og *Samskipti foreldra og barna um kynlíf* ætlaður foreldrum og forráðamönnum.

### ***Samþykki er sexy (bæklingur)***

*Samþykki er sexy* er bæklingur ætlaður unglíngum og fjallar um mörk kynlífs og ofbeldis. Hann er gefinn út af grasrótarsamtökunum *Samþykkishópurinn* (2012). Sjá: [http://samthykkishopurinn.files.wordpress.com/2013/09/samc3beykkiersexy\\_final.pdf](http://samthykkishopurinn.files.wordpress.com/2013/09/samc3beykkiersexy_final.pdf)

### ***Sambönd og samskipti (vefsíða)***

*Sambönd og samskipti* er upplýsingaveita á vefsíðu Embætti landlæknis. Þar má finna greinar og upplýsingar um efni er varðar sambönd og samskipti ungmenna, þar með talið börn á aldrinum 13-18 ára. Fjallað er um sambönd við kærustu og kærasta, vini, foreldra og fjölskyldu. Sjá: [www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/gedraekt/greinar/grein/item18291/Sambond-og-samskipti](http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/gedraekt/greinar/grein/item18291/Sambond-og-samskipti)

### ***Örugg saman (náms efni)***

Námsefnið *Örugg saman* fjallar um heilbrigð samskipti og er ætlað til kennslu fyrir 9. og 10 bekk grunnskóla sem forvarnaefni gegn andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í samböndum unglina. *Örugg saman* er í formi nemendaheftis og kennsluleiðbeininga. Náms efnið er gefið út af Embætti landlæknis (2015). Sjá: [www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item25297/Orugg-saman--kennsluefni-fyrir-unglinga-kynnt-i-dag](http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item25297/Orugg-saman--kennsluefni-fyrir-unglinga-kynnt-i-dag)

Öll skólastig

### ***Vefurinn www.6H.is (vefsíða)***

Vefur á vegum Embætti Landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgasvæðisins. Á vefnum er umfjöllun um heilbrigð samskipti og ofbeldi. Sjá: [www.6h.is](http://www.6h.is)

### ***Ábendingahnappur á vegum Barnaheilla (verkefni)***

Barnaheill hefur frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um *vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu*. Markmið þess er að vekja athygli á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Kjarni verkefnisins er *ábendingalína*, hnappur á vef samtakanna þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um slíkt efni á netinu. Sjá: [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

Fullorðnir (foreldrar og starfsfólk sem vinnur með börnum)

### ***Líkami minn og tilfinningar (fræðsluefni)***

*Líkami minn og tilfinningar* er fræðsluefni gegn ofbeldi á íslensku táknmáli. Það er raddsett svo það getur nýst fleirum en þeim sem tala/skilja táknmál. Fræðsluefnið er í formi myndbanda og ætlað uppalendum til að horfa á með börnum sínum (á yngsta stigi og miðstigi grunnskóla). *Líkami minn og tilfinningar* er gefið út af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra í samvinnu við Félag heyrnarlausra. Sjá:  
[www.is.signwiki.org/index.php/Kynning\\_%C3%A1\\_%E2%80%9EEL%C3%ADkami\\_min og\\_tilfinningar%E2%80%9C](http://www.is.signwiki.org/index.php/Kynning_%C3%A1_%E2%80%9EEL%C3%ADkami_min og_tilfinningar%E2%80%9C)

### ***Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarvörslukerfisins og réttarvernd barna (fræðsluefni)***

Fræðsluritið *Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarvörslukerfisins og réttarvernd barna* er ætlað fagfólki innan réttarvörslukerfisins. Markmið þess er meðal annars að greina meginreglur helstu alþjóðasamninga og draga fram þau atriði sem ber að hafa að leiðarljósi við meðferð réttarkerfisins á málum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þar er fjallað um hlutverk, vinnulag og samspil ólíkra aðila innan réttarkerfisins og greint hvernig haga megí málsmeðferð til að tryggja fyrirmyndarvinnubrög við kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Fræðsluritið er gefið út af Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum (2014). Sjá: [www.leidinafram.is/wp-content/uploads/2014/12/Kennsluefni\\_Final\\_Net-1.pdf](http://www.leidinafram.is/wp-content/uploads/2014/12/Kennsluefni_Final_Net-1.pdf)

### ***Ofbeldi gegn börnum – handbók skóla (handbók)***

Handbókin *Ofbeldi gegn börnum – handbók skóla* fjallar um ofbeldi sem börn verða fyrir. Markmiðið hennar er að upplýsa kennara og annað starfsfólk skóla um einkenni og áhrif ofbeldis á börn og vekja athygli á forvörnum, inngripi og úrræðum sem eru til staðar til að tryggja sem best velferð nemenda. Handbókin er gefin út af Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi og Námsgagnastofnun (2014). Sjá: [www.leidinafram.is/wp-content/uploads/2014/12/Ofbeldi-gegn-b%C3%B6rnum.-Handb%C3%B3k-fyrir-starfsf%C3%B3lk-sk%C3%B3la.pdf](http://www.leidinafram.is/wp-content/uploads/2014/12/Ofbeldi-gegn-b%C3%B6rnum.-Handb%C3%B3k-fyrir-starfsf%C3%B3lk-sk%C3%B3la.pdf)

### ***Verndum börn (vefsíða)***

Vefsíða á vegum Barnaheilla sem hefur að geyma upplýsingar um ofbeldi gegn börnum, einkenni, afleiðingar og hvert hægt er að leita ef grunur vaknar um ofbeldi gegn barni. Vefsíðan er ætluð öllum almenningi og ekki síst þeim sem starfa með börnum og að málefnum barna. Sjá: [www.verndumborn.is](http://www.verndumborn.is)

### ***Býrð þú við ofbeldi? (bæklingur)***

Bæklingurinn *Býrð þú við ofbeldi?* inniheldur upplýsingar um algengustu tegundir ofbeldis í nánnum samböndum, meðal annars andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og fjárhagslegt ofbeldi. Bæklingurinn er á íslensku, ensku og pólsku. Hann er gefinn út af Velferðarvaktinni og félagsþjónustunni á Suðurnesjum (2013). Sjá:  
[www.vel.is/vitundarvakning/fraedsluefni/nr/34263](http://www.vel.is/vitundarvakning/fraedsluefni/nr/34263)

***Kynferðisleg hegðun barna, hvað er eðlilegt? (bæklingur)***

Bæklingur gefinn út af Barnahúsi sem hefur að geyma upplýsingar um hvernig greina má á milli eðlilegrar kynferðislegrar hegðunar barna og óeðlilegrar. Í bæklingnum eru atriði sem vert er að hafa í huga þegar kemur að því að fylgjast með kynferðislegri hegðun barna á leikskólaaldri og þar til þau verða 10 ára gömul. Sjá: <http://www.bvs.is/media/barnahus/Bangsabaeklingur.pdf>

***Upplýsingar um Barnahús (bæklingur)***

Einblöðungur með upplýsingum um starfsemi Barnahúss, helstu markmið og þjónustu. Þar er auk þess farið yfir hvað á að gera ef grunur er á að barn sæti ofbeldi og hvernig á að bregðast við þegar barn segir frá. Sjá: <http://www.bvs.is/media/skjol/file742.pdf>

***Sjö skref til verndar börnum (bæklingur)***

Bæklingurinn *Sjö skref til verndar börnum* er forvarna- og fræðsluefni gegn kynferðislegu ofbeldi ætlaður foreldrum og öðrum aðstandendum barna. Bæklingurinn er gefinn út af Blátt áfram. Sjá: <http://blattafram.is/default.asp?Page=291>

## Viðauki V: Tímalína Vitundarvakningar

Hér fyrir neðan eru atburðir tengdir Vitundarvakningu í tímaröð.

2007-2011

25. október 2007

Samningur Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum er samþykktur á Lanzarote.

4. febrúar 2008

Ísland undirritar Lanzarotesamning Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum.

29.-30. nóvember 2010

Átaki Evrópuráðsins gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum hrundið úr vör í Róm. Sérstakar réttarfarsreglur settar til að gera réttarkerfið vinsamlegt börnum (*Child friendly justice guidelines*).

15. nóvember 2011

Minnisblað til ríkisstjórnar frá innanríkisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og velferðaráðherra um tillögur óformlegs samstarfshóps þessara ráðuneyta um framkvæmd átaks Evrópuráðsins gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Í starfshópnum sitja Halla Gunnarsdóttir aðstoðarmaður innanríkisráðherra, Berglind Rós Magnúsdóttir ráðgjafi mennta- og menningarmálaráðherra og Ingvar Sverrisson aðstoðarmaður velferðarráðherra.

2012

Janúar 2012

Velferðarráðuneyti, innanríkisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti skipa verkefnisstjórn um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Í henni sitja Halla Gunnarsdóttir formaður, Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir.

22. febrúar 2012

Jóna Pálsdóttir ráðin verkefnastjóri.

15. mars 2012

Alþingi samþykkir tillögu til þingsályktunar um fullgildingu *Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun*.

27. apríl 2012

Innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti undirrita samstarfsverkefni um vitundarvakningu gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

14. maí 2012

Vitundarvakning undirritar samkomulag um rekstrarstyrk til Hallveigar

Thorlacius og Helgu Arnalds vegna sýninga á brúðuleikritinu *Krakkarnir í hverfinu* í grunnskólum landsins.

September 2012

Vitundarvakning undirritar samkomulag um 10 millj. kr. styrkveitingu til framleiðslu *Fáðu já*, stuttmyndar um mörk kynlífs og ofbeldis, fyrir elstu nemendur grunnskóla og nemendur framhaldsskóla.

September 2012

Vefur Vitundarvakningar tekinn í notkun. Slóðin er: [www.vel/vitundarvakning](http://www.vel/vitundarvakning)

Október 2012

Fræðsluþing fagaðila haldin víða um land; í Borgarnesi, á Akureyri, á Egilsstöðum, á Hvolsvelli, á Ísafirði og í Reykjavík.

Október 2012

Tengiliðanet Vitundarvakningar sett upp og tekur til um 700 aðila um allt land.

## 2013

Janúar 2013

Stuttmyndin *Fáðu já* frumsýnd í öllum grunnskólum og flestum framhaldsskólum landsins.

20. febrúar 2013

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur. Ísland undirritaði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1990 og fullgilti hann árið 1992.

Mars 2013

*Fáðu já* gerð aðgengileg með textum á sjö tungumálum.

Mars 2013

*Fáðu já* sýnd á RÚV og umræður um myndina í Kastljósi.

Mars 2013

*Fáðu já* vinnur til fyrstu verðlauna í flokknum „myndbönd og fræðslumyndir“ á ráðstefnu þrjátíu Evrópuríkja um netöryggisáætlun Evrópusambandsins í Tallin.

Mars 2013

Póstkort sent til allra landsmanna til að árétta tilkynningarskyldu um ofbeldi á börnum á grundvelli barnaverndarlaga.

Apríl 2013

Kristín Jónsdóttir ráðin sem verkefnastjóri Vitundarvakningar.

5. apríl 2013

Starfsemi Vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum útvíkkuð og tekur nú einnig til andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum. Heitir hér eftir



Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum.

24. apríl 2013

Vitundarvakning endurnýjar samning við Hallveigu Thorlacius og Helgu Arnalds um að sýna brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu* í 2. bekk grunnskóla árin 2013 og 2014.

26. apríl 2013

Ný verkefnisstjórn Vitundarvakningar skipuð. Í henni sitja Jóna Pálsdóttir formaður, María Rún Bjarnadóttir og Þorgerður Benediktsdóttir.

26. apríl 2013

Samstarfssamningur milli Vitundarvakningar og Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni undirritaður. Samkvæmt samningnum tekur RÁS að sér að útbúa fræðsluefni um meðferð kynferðisbrota gegn börnum í réttarvörslukerfinu og halda námskeið sem byggja á því efni í samvinnu við Vitundarvakningu.

Apríl 2013

Sérstök verkefnisstjórn um gerð fræðsluefnis fyrir réttarvörslukerfið skipuð. Í henni sitja Kristín Jónsdóttir fyrir hönd Vitundarvakningar, Þórhildur Líndal fyrir hönd RÁS og Róbert Spanó tilnefndur af RÁS og verkefnisstjórn sameiginlega.

16. maí 2013

Vitundarvakning gerir samkomulag við Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum á menntavísindasviði HÍ um styrk til rannsókna og eftirfylgni vegna leiksýninga brúðuleikhússins *Krakkarnir í hverfinu* í grunnskólum landsins.

Júní 2013

Vitundarvakning lætur þýða *Leiðbeiningareglur ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu* (e. Guidelines of the Committee of Ministers of the Council of Europe on child friendly justice).

Ágúst 2013

Vitundarvakning lætur þýða bréf, til foreldra barna eftir sýningu á *Krakkarnir í hverfinu*, á sex tungumál.

September 2013

Lógó Vitundarvakningar hannað af Mörtu Valgeirsdóttur.

Október 2013

Tíu fræðsluþing haldin víða um land: á Sauðárkróki, á Akureyri, á Suðurnesjum, á Reyðarfirði, á Höfn í Hornafirði, á Akranesi, á Ísafirði, í Hafnarfirði, á Hvolsvelli og í Reykjavík.

11. nóvember 2013

Verkefnisstjórn RÁS og Vitundarvakningar undirrita kaup á sérfræðiþjónustu við

Anni G. Haugen og Hrefnu Friðriksdóttur um ritun og hönnun fræðsluefnis um meðferð kynferðisbrota gegn börnum í réttarvörslukerfinu.

Desember 2013

Guðlín Steinsdóttir tekur sæti í verkefnisstjórn sem fulltrúi velferðarráðuneytis í stað Þorgerðar Benediktsdóttur sem lætur af störfum fyrir aldurs sakir.

Desember 2013

Jóna Pálsdóttir formaður flytur erindi um starfsemi Vitundarvakningar og verkefnið *Fáðu já* á ráðstefnunni *Preventing sexual abuse of children* í Madrid.

Desember 2013

Stuttmyndin *Fáðu já* og handritshöfundar heiðruð af Stígamótum fyrir framlag til baráttunnar gegn kynferðisofbeldi.

## 2014

Janúar 2014

Undirritaður samningur við Námsgagnastofnun um gerð leiðbeiningarrits til að auðvelda kennurum og öðru starfsfólki skóla að sporna gegn hvers kyns ofbeldi gegn börnum.

30. janúar 2014

Undirritaður samningur við Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur og Brynhildi Björnsdóttur um gerð *Stattu með þér*, stuttmynd fyrir miðstig grunnskóla.

4. febrúar 2014

Rán Ingvarsdóttir tekur sæti sem fulltrúi velferðarráðuneytis í verkefnisstjórn í stað Guðlínar Steinsdóttur.

Febrúar 2014

Fræðsluþing haldin í Grundarfirði og Neskaupsstað.

Febrúar 2014

Tengiliðanet Vitundarvakningar nær til yfir 1400 aðila um allt land.

28. febrúar 2014

Vitundarvakning og Námsgagnastofnun halda námskeiðið *Kynlegt ferðalag - námskeið um kynjamennt* fyrir kennara á mið- og unglingastigi. Námskeiðið er haldið á grundvelli Pestalozzi-áætlunar Evrópuráðsins um starfsþróun og þjálfun kennara.

1. mars 2014

Finnborg Salome Steinþórsdóttir ráðin starfsmaður Vitundarvakningar.

Mars 2014

Íslensk þýðing á *Leiðbeiningareglum ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu* gefin út.

7. apríl 2014

Vitundarvakning fundar með ungmennaráði UNICEF í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

28. apríl 2014

Vitundarvakning og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni efna til námskeiðs um málsmeðferð réttarkerfisins í málum um kynferðisbrot gegn börnum.

1. maí 2014

Karen Ásta Kristjánsdóttir ráðin starfsmaður Vitundarvakningar í stað Finnborgar Salome Steinþórsdóttur.

28. maí 2014

Vitundarvakning undirritar samning við Þóru Tómasdóttur um gerð *Leiðin áfram*, fræðslumyndbanda um réttarvörsluferfið fyrir þolendur kynferðisbrota.

Maí 2014

Jóna Pálsdóttir formaður og aðrir fulltrúar *Fáðu já* halda erindi um gerð stuttmynda sem fræðslumiðils á ráðstefnu um forvarnir gegn ofbeldi á vegum samtakanna *Step by Step* í Zagreb.

Júní 2014

Jóna Pálsdóttir formaður sækir ráðstefnu um stöðu kvenna í íþróttum á vegum *International Working Group on Women and Sport (IWG)* í Finnlandi.

1. júní 2014

Guðríður Bolladóttir tekur sæti sem fulltrúi velferðarráðuneytis í verkefnisstjórn í stað Ránar Ingvarsdóttur.

18. júní 2014

Niðurstöður rannsókna á árangri *Krakkarnir í hverfinu* liggja fyrir. Rannsóknin ber heitið *Brúðuleikhús sem námstæki og frásagnaraðferð: átaksverkefni gegn líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum* og er framkvæmd af Guðrúnu Eddu Bjarnadóttur.

25. júní 2014

Guðrún Edda Bjarnadóttir hlýtur viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir rannsókn á árangri *Krakkarnir í hverfinu*.

2. september 2014

Starfsemi Vitundarvakningar og verkefni hennar kynnt á norrænni ráðstefnu um kynferðisofbeldi gegn börnum í Reykjavík.

6. október 2014

*Stattu með þér* forsýnd í Bíó Paradís.

9. október 2014

*Stattu með þér frumsýnd í grunnskólum landsins. Sérstök athöfn haldin í Hólabrekkurskóla að viðstöddum mennta- og menningarmálaráðherra.*

9. október 2014

Vefsvæðið [www.vel.is/stattumedther](http://www.vel.is/stattumedther) opnar formlega.

17. nóvember 2014

Vitundarvakning undirritar samning við markaðsfyrirtækið Kapital ehf. um kynningu á fræðslumyndböndunum *Leiðin áfram*.

25. nóvember 2014

Fulltrúar samtaka og stofnanna sem tengjast velferð barna mæta á vinnufund um ofbeldisforvarnir sem óformlegur samráðshópur á vegum Embættis landlæknis stendur fyrir. Formaður verkefnisstjórnar heldur erindi um starfsemi Vitundarvakningar.

Nóvember 2014

Fræðsluritið *Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna* eftir Hrefnu Friðriksdóttur og Anni G. Haugen liggur fyrir.

Nóvember 2014

*Leiðin áfram*, fræðslumyndbönd um ferli kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins ætluð þolendum og aðstandendum þeirra, tilbúin til frumsýningar.

26. nóvember – 8. desember 2014

Vitundarvakning og RÁS efna í annað sinn til námskeiðs um málsmeðferð réttarkerfisins í málum um kynferðisbrot gegn börnum. Námskeiðin eru fjögur og haldin á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Þau eru haldin í tilefni útgáfu samnefnds fræðslurits.

Desember 2014

Handbókin *Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla* eftir Guðrúnu Kristinsdóttur og Nönnu Kristínu Christiansen liggur fyrir og er dreift til leik-, grunn- og framhaldsskóla.

## 2015

12. janúar 2015

*Leiðin áfram*, fræðslumyndbönd um ferli kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins ætluð þolendum og aðstandendum þeirra, frumsýnd. Vefurinn [www.leidinafram.is](http://www.leidinafram.is) opnar formlega.

12. febrúar 2015

Morgunverðarfundur Vitundarvakningar. Verkefnisstjórn býður samstarfsaðilum Vitundarvakningar síðastliðin þrjú ár til umræðufundar um framtíðarsýn og næstu aðgerðir í málaflokknum.

## 8. SVIPMYNDIR ÚR STARFINU

